



Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands
ÁRSSKÝRSLA 2023



Útgefandi: Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

Umsjón: Birna Gunnarsdóttir

Prófarkalestur: Pétur Ástvaldsson

Útlit og umbrot: Helgi Hilmarsson

Ljósmyndarar: Alec Burslem, Arna Silja Jóhannsdóttir, Ayca Eleman, Bauke van der Kooij, Bettina Thallinger, Birna Gunnarsdóttir, Böðvar Þórisson, Charla Basran, Dagrún Óskjónsdóttir, Ellen Magnúsdóttir, Ester Sigfúsdóttir, Filipa Samarra, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls, Hrafnkell Hannesson, James Alfred Fletcher, Jón Einar Jónsson, Jón Jónsson, Marie-Luce Chevalier, Maria Glarou, Marianne H. Rasmussen, María Helga Guðmundsdóttir, Michelle Dutro, Paul Wensveen, Ragnar Edvardsson, Rannveig Þórhallsdóttir, Sandra Dögg Georgsdóttir, Saskia Klose, Sigrún Sigurðardóttir, Skúli Gautason, Sæunn Stefánsdóttir, Tatiana Marchon, Unnur Birna Karlsdóttir, Vilhelm Vilhelmsson og Þorvarður Árnason.

Reykjavík 2024



EFNISYFIRLIT

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands	4
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði	6
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi	10
Starfsemi í Vestmannaeyjum	13
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum	16
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi	20
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum	22
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofa	26
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra	30
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík	32
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi	36
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Breiðdalsvík	40



STOFNUN RANNSÓKNASETRA HÁSKÓLA ÍSLANDS

Markmið Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands er að stuðla að rannsóknum og leiðbeiningu framhaldsnema víða um land og vera um leið vettvangur samstarfsverkefna háskólans við nærumhverfi og nærsamfélag setranna. Með þeim hætti leggja rannsóknasetrin sitt af mörkum við að efla tengsl Háskóla Íslands við atvinnulíf og samfélag. Rannsóknaviðfangsefni setranna eru afar fjölbreytt en á meðal þeirra eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, hvalir, fiskar og fuglar, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði, fornleifafræði, þjóðfræði og jarðfræði.

Ellefu rannsóknasetur eru starfrækt um landið, á Hornafirði, Suðurlandi, Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Ströndum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi, Breiðdalsvík og það nýjasta er í Þingeyjarsveit. Einnig er starfsemi á vegum stofnunarinnar í Vestmannaeyjum. Í lok árs var Auður Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur ráðin í starf forstöðumanns Rannsóknaseturs HÍ í Þingeyjarsveit en setrinu er ætlað að stunda rannsóknir á sviði umhverfishugvísinda. Auður hóf þá störf í hlutastarfi en kemur í fullt starf frá og með 1. maí nk. sem forstöðumaður setursins.

Þótt rannsóknir séu meginþinginn í starfsemi rannsóknasetranna sinna akademískir starfsmenn rannsóknasetranna flestir kennslu, fyrst og fremst með leiðbeiningu framhaldsnema. Þá eru haldin sérhæfð vettvangsnám-skeið við nokkur rannsóknasetranna, t.d. Húsavík, Norðurland vestra, Ströndum, Snæfellsnes, Suðurnes og Hornafjörð, auk þess sem starfsfólk setranna tekur þátt í kennslu í námskeiðum deilda háskólans.

Rík áhersla er á virka þátttöku í samfélagi og atvinnulífi í starfsemi rannsóknasetranna. Hvort sem það er með rannsóknum á brýnum viðfangsefnum samtímans, eins og loftslagsmálum, með samstarfi við önnur skólastig eða miðlun rannsókna og þekkingar. Miðlunin er með ýmsu móti; fyrir utan birtingar í vísindatímaritum og fyrirlestra- og ráðstefnuhald leggja rannsóknasetrin áherslu á fjölbreyttar miðlunarleiðir til almennings. Dæmi um það er vefurinn moi.hi.is sem Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi hefur komið á fót. Vefurinn fjallar um tengsl landnotkunar við vernd mófugla en Íslendingar bera ábyrgð á stórum stofnum þeirra sem þrengir hratt að. Á vefsíðunni eru teknar saman vísindalegar upplýsingar um tengsl þessa

hóps fugla við landnotkun og lagðar fram tillögur þeim til verndar. Rannsóknasetrin á Suðurnesjum, Hornafirði og Húsavík tóku þátt í Vísindavöku sem fram fór á vegum Rannís í Laugardalshöll sl. haust og Rannsóknasetrin á Ströndum og Breiðdalsvík héldu Vísindakaffi í tengslum við hana.

Sem dæmi um samstarf við önnur skólastig heimsóttu nemendur í 1.-7. bekk Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla Rannsóknasetur HÍ í Breiðdalsvík í febrúar og mars, lærðu um eldfjöll og flekakenninguna og spreyttu sig á ýmsum tilraunum og verkefnum. Á Húsavík hélt vinna áfram við verkefnið Arctic Sense, sem styrkt er af Nordplus og miðar að gerð kennsluefnis um hafíð fyrir börn með aðstoð sýndarveruleika. Auk Hvalasafnsins á Húsavík og safna í Danmörku og Noregi taka skólar á Húsavík, í Danmörku og Noregi þátt í verkefnum. Rannsóknasetur HÍ á Ströndum tók þátt í skóla-verkefni um þjóðsagnagerð með grunnskólanum á Hólmavík og sá um leiðsögn og móttöku skólahópa á sögusýninguna *Hvítabirni í heimsókn* á Sauðfjársetrinu sem setrið á mikið samstarf við.

Starfsemi rannsóknasetranna gekk vel á árinu 2023. Starfsmenn voru 56 og voru ársverkin 37 og fjölgaði um þrjú frá árinu áður. Tuttugu og fimm voru í fullu starfi allt árið. Flest voru ársverkin á Suðurlandi og Vestfjörðum, rúmlega sex á Suðurlandi og rúmlega fimm á Vestfjörðum. Fjármögnun gegnir veigamiklu hlutverki við eflingu rannsókna og nýsköpunar hjá rannsóknasetrum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands. Rannsóknastyrkir og aðrar sértekiur hafa lengi verið verulegur hluti af heildartekjum stofnunarinnar og var það einnig svo 2023. Velta Stofnunar rannsóknasetra HÍ nam tæpum 580 m.kr. á árinu og voru sértekiur 65% tekna stofnunarinnar sem verður að teljast töluverður árangur. Alþjóðlegt samstarf fer sífellt vaxandi og samhliða því hlutfall erlendra styrkja.

Af innlendri styrkjasókn má nefna fjölmörg dæmi. Vilhelm Vilhelmsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Norðurlandi vestra, fékk úthlutað öðru sinni úr Innviðasjóði í verkefni sitt Gagnagrunnur sáttanefndabóka. Fjórir doktorsnemar við setrin fengu úthlutað styrkjum úr Rannsóknasjóði Íslands, þær Michelle Valliant, Anna Selbman, Anja Katrin Nickel og Theresa Henke. Þrjár þeirra, Michelle, Anja og Theresa, vinna að verkefnum sínum við Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum og Anna vinnur að verkefni

sínu við setrið í Vestmannaeyjum. Þessu til viðbótar eru fjölmargir aðrir innlendir og erlendir styrkir til setranna sem gera þeim kleift að reka rannsóknaverkefni og veita framhaldsnemum vettvang til rannsókna. Framlög sveitarfélaga til starfsemi einstakra setra hafa einnig skipt miklu máli og stuðningur sem þessi er starfsemi setranna afar mikilvægur. Mikilvægt er að treysta enn rekstur rannsóknasetranna til að gera þeim kleift að ná að fjölga fastráðnu fólki, efla innviði og þar með styrkja starfsemi þeirra enn frekar.

Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands 2023 var Sæunn Stefánsdóttir. Birna Gunnarsdóttir verkefnisstjóri annaðist stjórnábylgjur og fjármálaumsjón fyrir stofnunina. Ráðgefandi nefnd var skipuð þeim Guðmundi Hálfðanarsyni, prófessor við Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði HÍ, sem var formaður, Snæbiri Pálssyni, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ, Guðrúnu Á. Jónsdóttur, fulltrúa háskólanáms og rannsókna hjá Austurbrú, Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttur, forstöðumanni Rannsóknamiðstöðvar ferðamála, og Halldóri Pálmari Halldórssyni, forstöðumanni Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum. Nefndin fundaði sex sinnum á árinu.

Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra 2023 var haldinn á Egilsstöðum 17. mars og var hann vel sóttur. Á dagskrá voru sex fróðleg erindi um viðfangsefni rannsóknasetranna og rannsóknir sem eru unnar við þau og varða bæði náttúru og samfélag í nútíð og fortíð.



Starfsemi rannsóknasetranna hefur eflst á undanförnum árum og sannað gildi sitt við eflingu rannsókna, háskóla- og atvinnustarfsemi víða um land og aukið tengsl Háskóla Íslands við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagsamtök og einstaklinga. Ólíka mælikvarða má leggja á framgang setranna. Einn þeirra gæti verið fjöldi setranna en setrunum hefur fjölgað og er starfsemin nú á 12 stöðum um landið. En eins og sést af hlutföllum fjármögnunar setranna er grunnfjármögnun þeirra veik. Brýnt er að framlög hins opinbera haldi í við launaþróun, sérstaklega þegar hlutfall launa er nærri 90% rekstrarkostnaðar setranna. Stofnunin hefur sett sér það markmið að frá og með 2026 verði tveir fastráðnir starfsmenn á hverju setri en mikilvægt er að efla þær einingar sem fyrir eru áður en starfsstöðvum verður fjölgað enn frekar. Rannsóknasetrin hafa fest sig í sessi og sannað gildi sitt sem mikilvægur þáttur í að auka tengsl skólans út á land og efla rannsókn- og atvinnustarfsemi á landsbyggðinni. Vonandi berum við gæfu til að fjárfesta í frekari eflingu þeirra og þróun enda liggja mikil sóknarfæri í starfsemi rannsóknasetra Háskóla Íslands á landsbyggðinni.

Sæunn Stefánsdóttir
Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands
Mars 2024





RANNSÓKNASETUR HÍ Á HORNAFIRÐI

Rannsóknasetið er til húsa í Nýheimum á Höfn. Fastráðnir starfsmenn á árinu voru dr. Þorvarður Árnason, forstöðumaður og fræðimaður, og dr. Soffía Auður Birgisdóttir vísindamaður. Aðrir starfsmenn voru rannsóknasérfræðingarnir dr. Kieran A. Baxter og dr. Alice E. Watterson, bæði í 75% verkefnabundnum stöðum. Ylita Muspitasari, mastersnemi á ISLANDS námsbrautinni, var í starfsnámi við setrið og vann þar m.a. verkefni sem tengdist rannsóknastöðinni *Auga Solanders* á Breiðamerkursandi. Setrið hósti einnig þrjú bandaríska styrkþega, doktorsnemana Konstantine Vlasís og Garrison Gerard og nýdoktorinn Christopher Dunn. Þá naut franskri doktorsneminn Clémence Daigre einnig aðstoðar setursins við rannsóknir sínar.

Meginrannsóknasvið setursins voru sem fyrr tengd umhverfis- og loftslagsmálum, ásamt bókmenntum og menningu. Þorvarður sinnti áfram vinnu við rannsóknina *Víðerni – verndun hins villta í náttúru Íslands* en verkefnið hófst árið 2016. Kieran og Alice unnu að margvíslegum verkefnum innanlands og erlendis um þróun sjónrænna aðferða við rannsóknir og vísindamiðlun, m.a. vegna verkefnisins *Breiðamerkurjökull 2121*. Kieran hóf

samstarf við Jöklarannsóknafélag Íslands vegna verkefnanna *EISÍ* og *RePhoto Iceland* en Alice vann m.a. að verkefni um sjónræna endurgerð eyðibýlisins Fells á Breiðamerkursandi fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Kieran, Alice og Þorvarður útbjuggu einnig margmiðlunarsýningu um *Breiðamerkurjökull 2121* fyrir sýninguna *Víðnám – samspil myndlistar og vísinda* sem opnuð var í febrúar á vegum Listasafns Íslands og er staðsett í Safnahúsinu. Þorvarður hélt einkasýningu á jöklamyndum sínum í Listasafni Svavars Guðnasonar á Höfn; sýningin nefndist *Blámi* og stóð yfir frá miðjum febrúar og fram í miðjan maí. Verkefninu *Þróun vísindaferðaþjónustu* sem Loftslags- sjóður styrkti lauk á árinu með opnun vefsíðunnar <https://visindaferdir.hi.is>.

Soffía Auður sinnti áfram rannsóknum á *Íslenskum nútímabókmenntum*. Eitt af helstu verkefnum ársins voru rannsóknir á *Bréfi til Láru* eftir Þórbjörg Þórðarson vegna 100 ára afmælisútgáfu verksins á vormánuðum 2024 en Soffía Auður skrifar bæði inngang og skýringar.

Setrið stóð fyrir málþingunum *Samræða um útdauða jökla* og einnig




*Náttúrunæmi: Málþing um náttúru- og útimenntun í samstarfi við Menntavísindasvið. Þá tóku starfsmenn setursins þátt í Vísindavöku Rannís sem haldin var í Laugardalshöll. Þorvarður veitti þrjú viðtöl við erlendar fréttastofur á árinu: ZDF, Korean Broadcasting Company og Likeashot Productions. Einnig kom hann fram í heimildarmyndinni *Náttúrubönd* sem sýnd var á RIFF. Soffía Auður samdi og flutti ritdóma um sjö skáldsögur í *Víðsjá* auk þess að skrifa dóma fyrir *Heimildina* og skald.is.*

Þorvarður var meðleiðbeinandi Clintons Cooks, sem hóf doktorsnám við Háskóla Íslands á árinu, og situr einnig í doktorsnefndum Gyðu Þórhallsdóttur og Sóllilju Bjarnadóttur. Hann var meðskipuleggjandi og kennari í vettvangsnámskeiðinu *Eldur og Ís: Náttúruöflin, nám og upplifun* og tók einnig þátt í vettvangsnámskeiði um *Stjórnun friðlýstra svæða*, auk þess að annast stundakennslu í námskeiðinu *Umhverfisfræði*.

Setrið tók á móti átta erlendum nemahópum; frá Jafnréttisskólanum, Landgræðsluskólanum, ARCADE, Háskólanum í Ósló, University of British Columbia, Yale University, Western Washington University og Wright-Ingraham Institute. Soffía Auður sat í stjórnnum Þórbergssseturs og Kirkjubæjarstofu fyrir hönd Háskóla Íslands og var einnig varamaður í dómnefnd um Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs. Hún tók á árinu





við sem ritstjóri *Són*, tímarits um ljóðlist og óðfræði, og var gestaritstjóri 3. heftis *Ritsins*, tímarits Hugvísindastofnunar, auk þess að vera einn af ritstjórum bókmenntavefsins www.skald.is. Þorvarður var formaður skólafundar Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu og tók einnig að sér ráðgjafarstörf fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð vegna verkefnisins *Aðlögun sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga* í tengslum við byggðaaætlun.

Þorvarður flutti sextán fyrirlestra á árinu, þar af einn á alþjóðlegri ráðstefnu, Soffía Auður Birgisdóttir flutti átta fyrirlestra, þar af einn á alþjóðlegri ráðstefnu, og einn boðsfyrirlestur (BECK-fyrirlestur) við Háskólann í Vancouver, og Alice og Kieran fluttu tvo fyrirlestra hvort.

ÚTGÁFA

Baxter, K. (2023). „VR and the death of the frame? Filmmaking in an age of immersive technology“. *Human History and Digital Future*. Háskólinn í Tübingen: <http://hdl.handle.net/10900/146414>

Hillerdal, C., Watterson, A., Williams, M.A., Strukn, L.A., Cleveland, J.N. og Joseph, C.A. (2023). „Giving the Past a Future: Community Archaeology, Youth Engagement and Heritage in Quinagak, Alaska“. *Études Inuit Studies*, 46(2): <https://doi.org/10.7202/1106913ar>

Soffía Auður Birgisdóttir (2023). „„Ef ég kynni að gala galdur.“ *Dimmu-mót* Steinunnar Sigurðardóttur sem heimsslitakvæði“. *Fléttur VI: Loftslagsvá og jafnrétti*. Ritstjórar: Elín Björk Jóhannsdóttir, Auður Aðalsteinsdóttir og Hafís Hanna Ægisdóttir. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknastofa í jafnréttisfræðum, bls. 121-149.

Soffía Auður Birgisdóttir (2023). „Litið til annarra sólkerfa. Inngangur að þema: Hugleiðing um bókmenntagagnrýni“. *Ritið*, 3/2023: <https://ritid.hi.is/index.php/ritid/article/view/213/193>

Soffía Auður Birgisdóttir (2023). „Torfhildur Hólm“, grein á vefsíðunni *Icelandic Roots*: <https://www.icelandicroots.com/post/torfhildur-h%C3%B3lm>

Soffía Auður Birgisdóttir og Dagný Kristjánsdóttir (2023). „Áfangar í færeyskri bókmenntasögu“. *Tímarit Máls og menningar*, 4. hefti 2023, bls. 62-79.

Watterson, A., Zawadski, K. U., and Park, J. (2023). 'Stromness and the Nor'Wast: Mapping a multivocal digital resource connecting Orkney and Canada'. *Journal of Museum Ethnography*. 36.

Ritdómur í tímaritum:

Soffía Auður Birgisdóttir (2023). „Að skapa sína eigin fortíð. Ritdómur um ljóðabókina *Manndómur* eftir Þorvald S. Helgason“. *Tímarit Máls og menningar*, 3. hefti 2023, bls. 107-111.

Soffía Auður Birgisdóttir (2023). „Skilaboð berast gegnum járnlokið“ Ritdómur um *Dulstirni* eftir Gyrði Eliasson, *Són*, tímarit um ljóðlist og

óðfræði, 2023, bls. 220-222.

Soffía Auður Birgisdóttir (2023). „Andað með sólinni.“ Ritdómur um *Meðan glerið sefur* eftir Gyrði Eliasson, *Són*, tímarit um ljóðlist og óðfræði, 2023, bls. 222-224.

Soffía Auður Birgisdóttir (2023). „Týndar dætur – og mæður.“ Ritdómur um *Bakland* eftir Hönnu Óladóttur, *Són*, tímarit um ljóðlist og óðfræði, 2023, bls. 224-226.

Soffía Auður Birgisdóttir (2023). „Samtal ljóða og mynda.“ Ritdómur um *Flagsól* eftir Melkorku Ólafsdóttur og Hlíf Unu Bárudóttur, *Són*, tímarit um ljóðlist og óðfræði, 2023, bls. 234-236.

Soffía Auður Birgisdóttir (2023). „Hæglát tjáning.“ Ritdómur um *Eina hverf-ula stund* eftir Njörð P. Njarðvík, *Són*, tímarit um ljóðlist og óðfræði, 2023, bls. 236-237.

RITSTJÓRN

Soffía Auður Birgisdóttir (2023). Ritstjóri *Són*, tímarit um ljóðlist og óðfræði: https://bodn.is/?page_id=49

Soffía Auður Birgisdóttir (2023). Gestaritstjóri *Ritsins*, 3/2023: Gagnrýni: <https://ritid.hi.is/index.php/ritid>

Soffía Auður Birgisdóttir (2023). Ritstjórnarmeðlimur bókmenntavefsins *Skáld.is*: <https://www.skald.is/>

SÝNINGAR

Kieran Baxter, Alice Watterson og Þorvarður Árnason (2023). *Breiðamerkur-jökull 2121*, margmiðlunarsýning, hluti af sýningu Listasafns Íslands *Viðnám – samspil myndlistar og vísinda*, opnun 4. febrúar 2023: https://www listasafn.is/list/syningar/vidnam_samspil_visinda_myn-dlistar/

Þorvarður Árnason (2023). *Blámi*, einkasýning í Listasafni Svavars Guðnasonar, 18. febrúar- 15. maí 2023: <https://mmh.hornafjordur.is/frettir/blami-bluness>

VEFSÍÐUR

Johannes Welling, Kieran Baxter, Þorvarður Árnason, Alice Watterson og David Ostman (2023). Fræðsluvefur (á íslensku og ensku) um þróun vísindaferðaþjónustu með áherslu á loftslagsbreytingar: <https://visindaferdir.hi.is/is> og <https://sciencetourism.hi.is/>








RANNSÓKNASETUR HÍ Á SUÐURLANDI

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi er á Laugarvatni. Starfslíð setursins eru tveir fastráðnir starfsmenn, Böðvar Þórisson verkefnastjóri og Tómas Grétar Gunnarsson forstöðumaður. Gestavísindamaður, rannsóknasérfræðingur, fjórir nýdoktorar, tveir doktorsnemar, tveir meistaranemar og sumarstarfsmenn störfuðu einnig við setrið á árinu 2023. Um sumarið 2023 störfuðu 15 manns að rannsóknum við setrið og hafa aldrei verið fleiri. Allnokkrir erlendir framhaldsnemar og vísindamenn, sem eru í samstarfi við setrið, heimsóttu það einnig á árinu.

Við rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir á landnotkun og vistkerfum. Meginstefið í rann-

sóknunum er uppbygging þekkingar sem nýtist til að spá fyrir um áhrif fjölbreyttra gerða landnotkunar á líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi. Slík þekking verður æ mikilvægari eftir því sem möguleikar á nýtingu lands verða fjölbreyttari og þrýstingur á notkun lands eykst. Mikill skortur er á upplýsingum um tengsl landnotkunar og náttúrufars á Íslandi en þær nýtast til að stuðla að sjálfbærum lífsháttum og til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar á sviði auðlindanýtingar og náttúruverndar. Við setrið eru einnig stundaðar grunnrannsóknir á stofnstjórnun farfugla en Ísland er afar heppilegur vettvangur til slíkra rannsókna. Farfuglar eru gjarnan einnig viðfangsefni rannsókna við setrið á áhrifum landnotkunar á lífríki.





Auk þess að skipuleggja og stjórna tímabundnum verkefnum, einkum nýdoptora og framhaldsnema, eru einnig rekin langtíma verkefni við setrið. Uppbygging langtímarannsókna á landvistkerfum hefur staðið yfir frá 2011 en markmið þeirra er að geta skýrt betur drifkrafta landbreytinga og áhrif þeirra á landvistkerfi og lífsgæði. Rannsóknir á heimsvísu sýna að langtímarannsóknir eru líklegri til að styðja við stefnumótun í auðlindanýtingu en skemmri rannsóknir og niðurstöður langtímarannsókna eru að auki líklegri til útgáfu hjá virtum vísindaritum. Böðvar Þórisson hefur umsjón með langtíma verkefnum, skipuleggur útivinnu og viðheldur gagnagrunnum og tekur auk þess þátt í flestum verkefnum setursins. Gagnasettin sem aflað er með langtímarannsóknum gegna æ mikilvægara hlutverki í starfi setursins. Þau sýna hvernig viðamiklar breytingar eru að eiga sér stað á íslenskum landvistkerfum en styðja einnig vel við tímabundin verkefni framhaldsnema og nýdoptora sem geta nýtt gögnin til að auka yfirsýn og varpa skýrara ljósi á skammvinnari verkefni.

Rannsóknasérfræðingur og þrjú nýdoptorar störfuðu við setrið á árinu, fjármagnaðir af Rannís og Rannsóknasjóði Landsvirkjunar. Veronica Méndez sérfræðingur, sem starfað hefur við setrið með hléum í allnokkur ár, rannsakar stofnstjórnun farfugla og kemur einnig að fjölda

annarra verkefna við setrið og leiðbeiningu framhaldsnema. Camilo Carneiro lauk þriðja ári útivinnu við nýdoptorsverkefni sitt sem snýst um að tengja fæðuframboð og veðurfar við þroska unga og varpárangur og farhætti spóa. Í rannsóknunum felast meðal annars viðamiklar mælingar á þroska og þéttleika krækiberja, mælingar á fjölda og flugtíma smádyra og vexti spóaunga. Rannsóknirnar eru þannig sannkallaðar vistkerfisrannsóknir þar sem tengsl nokkurra mismunandi þátta vistkerfis eru könnuð. Triin Kaasiku frá Eistlandi vann að stuttu nýdoptorsverkefni við setrið sumarið 2023. Stjórnvöld hafa kynnt aðgerðaáætlun vegna loftslagsbreytinga og þar er gert ráð fyrir að mismunandi gerðir landnotkunar séu mikilvægt innlegg. Þetta eru endurheimt náttúruskóga (birkiskóga), nytjaskógrækt með innfluttum tegundum, landgræðsla og endurheimt votlendis en áhrif á líffræðilega fjölbreytni eru lítt þekkt. Verkefni Triin snerist um að kanna fuglasamfélög í mismunandi skóglendi og bera saman við fuglasamfélög á opnu landi. Úrvinnsla gagna stendur yfir en eindregnar vísbendingar eru um að fuglasamfélög í mismunandi skóglendi séu um margt hliðstæð en að alþjóðlegt verndargildi fuglasamfélaga á opnu landi sé mun meira en fuglasamfélaga í skógum. Aldís Erna Pálsdóttir lauk öðru ári í nýdoptorsverkefni sínu á árinu. Verkefnið gengur út á að kanna afkomu mófuglahreiðra sem





eru undir mismiklum áhrifum af umsvifum manna og einnig að bera saman hreiður á hálendi og láglandi. Flestir starfsmenn setursins hjálpa til við þetta verkefni og fylgst var með um 800 mófuglahreiðrum víðs vegar um Suðurland, Vesturland og á hálendinu sumarið 2023. Josh Nightingale hóf nýdoktorsverkefni við setrið á árinu en verkefnið miðast að því að búa til hnatttrænan gagnagrunn um ferðir vaðfugla sem raktar hafa verið með rafeindataekjum og að nota grunninn til að styrkja vernd vaðfugla og rannsóknir. Vaðfuglastofnar standa almennt illa á heimsvísu og Íslendingar bera meiri ábyrgð á nokkrum stofnum en aðrar þjóðir vegna stofnstærða hér. Langtímaverkefni setursins benda til að flestum vaðfuglum sé að fækka á Suðurlandi.

Tveir doktorsnemar og tveir meistaranemar stunduðu rannsóknir sínar við setrið á árinu. Aron Alexander Þorvarðarson lauk við meistararitgerð sína sem fjallaði um tengsl milli stærðar votlendisbletta og fuglalífs. Sig-rún Sigurðardóttir hóf meistaraverkefni sem fjallar um hreiðurstæðaval mófugla. Maite Cerezo lagði lokahönd á doktorsverkefni sitt sem fjallaði um stofnstjórnun, stofnbreytingar og búsvæðaval hjá spóa. Sölvi Rúnar Vignisson sem rannsakar farhætti tjalda lauk við útvinnu og vinnur nú að ritgerðarsmiðum.

José Alves, vísindamaður við Háskólann í Aveiro og gestafræðimaður við rannsóknasetrið, hefur í allmörg ár starfað við setrið á sumrin. José kemur að fjölbreyttum rannsóknum á Íslandi og erlendis og tekur þátt í leiðbeiningu framhaldsnema og skipulagningu rannsókna við setrið.

Vorið 2023 opnaði setrið nýjan vef sem fjallar um tengsl landnotkunar við vernd mófugla. Íslendingar bera ábyrgð á stórum stofnum mófugla sem þrengir hratt að. Á vefsíðunni eru teknar saman vísindalegar upplýsingar um tengsl þessa hóps fugla við landnotkun og lagðar fram tillögur þeim til verndar. Tilgangur síðunnar er að safna þessum gögnum á einn stað svo að þau geti nýst áhugasömum. Síðan var opnuð á ársfundi rannsóknasetrana á Egilsstöðum og má finna á slóðinni moi.hi.is.

RITASKRÁ

Greinar í alþjóðlegum vísindaritum

- Carneiro, C., Gunnarsson, T.G., Kaasiku, T., Piersma, T. & Alves, J.A. 2023. Icelandic Whimbrel first migration: Non-stop until West Africa, yet later departure and slower travel than adults. *Ibis*: <https://doi.org/10.1111/ibi.13282>
- Nightingale, J., Gill, J.A., Gunnarsson, T.G., Rocha, A.D., Howison, R.A., Hooijmeijer, J.C.E.W., Piersma, T., Alves, J.A. 2023. Does early spring arrival lead to early nesting in a migratory shorebird? Insights from remote tracking. *Ibis* <https://doi.org/10.1111/ibi.13268>
- Carneiro, C., Gunnarsson, T.G. & Alves, J.A. 2023. Annual schedule adjustment by a long-distance migratory bird. *The American Naturalist* 201 (3), 353-36.
- Nightingale, J., Gill, J.A., Þórisson, B., Potts, P.M., Gunnarsson, T.G., Alves, J.A. 2023. Conservation beyond Boundaries: using animal movement networks in Protected Area assessment. *Animal Conservation*: <https://doi.org/10.1111/acv.12868>

SKÝRSLUR

- Ritstjórn og samsetning: Skúli Skúlason, Ole Martin Sandberg, Snorri Sigurðsson, Ragnhildur Guðmundsdóttir og Tómas Grétar Gunnarsson. Greinargerð um vistkerfisnálgun, unnin fyrir matvælaráðuneytið BIOD-ICE, 27. október 2023 Reykjavík, Ísland.
- Triin Kaasiku, Camilo Carneiro, Böðvar Þórisson og Tómas Grétar Gunnarsson 2023. Fuglalíf í eldri skógum á Suðurlandi: frumúrvinnsla. Skýrsla fyrir Orkurannsóknasjóð Landsvirkjunar Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi. 14. bls.

VEFSÍÐA

- Lilja Jóhannesdóttir, Aldís Erna Pálsdóttir, Jennifer A. Gill, José A. Alves, Böðvar Þórisson og Tómas Grétar Gunnarsson. (2023). Mói – vefur um líffræði og vernd mófugla á Íslandi. moi.hi.is





STARFSEMI Í VESTMANNAEYJUM

Starfsemi Stofnunar rannsóknasetra HÍ í Vestmannaeyjum hófst á ný árið 2020 þegar dr. Filipa Samarra var ráðin til starfa en sérsvið hennar er rannsóknir á sjávarspendýrum. Auk Filipu starfar dr. Paul Wensveen í stöðu rannsóknasérfræðings í Vestmannaeyjum, og doktorsnemarnir Anna Selbmann og Tatiana Marchon sem eru báðar með styrki frá Rannís.

Árið 2023 var haldið áfram vinnu við stórt rannsóknarverkefni sem hlaut styrk til þriggja ára frá Rannís árið 2021 og nefnist *Mikilvægi stöðugleika vistkerfa fyrir vistræðilega sérhæfingu rándýra sem eru efst í fæðukeðju sjávar*. Vettvangsrannsóknir á sumarmánuðum voru að hluta unnar í samstarfi við sérfræðinga frá St. Andrews háskóla í Skotlandi. Haldið var áfram langtímaöktun háhyrninga í hafinu umhverfis eyjarnar sem hófst 2008; samarið 2023 var lögð áhersla á að koma fyrir merkjum sem fest eru á hvalina með sogskálum og eru notuð til að safna upplýsingum um atferli dýranna og hljóðmerkin sem þau gefa frá sér. Gagnasöfnun fór fram á bátum og í landi og var m.a. safnað ljósmyndum til auðkenningar, hljóðupptökum og vefjasýnum, jafnframt því sem atferli hvalanna var kannað. Einnig var haldið áfram langtímaöktun á sjávarspendýrategundum við eyj-

arnar og m.a. safnað upplýsingum um grindhvali, höfrunga, háhyrninga, hrefnur og hnísur.

Þá var unnið að rannsóknarverkefni um farhegðun andarnefju og áhrif sem vaxandi hávaði í hafinu hefur á tegundina. Verkefnið, sem er styrkt af Rannís og með doktors- og nýdoktorsstyrk frá Háskóla Íslands, er unnið í samstarfi við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ, Hafrannsóknastofnun og erlenda aðila. Notuð eru margs konar gögng til að varpa ljósi á far dýranna, m.a. frá gervihnöttum og úr upptökutækjum sem komið hefur verið fyrir á djúpsævi auk vefja- og fæðusýna og sjónrænna gagna. Samarið 2023 fór gagnasöfnun m.a. fram í fjögurra vikna rannsóknasiglingu (HYPMO-23) undan ströndum Norðurlands; vel gekk að endurheimta upptökutæki sem höfðu verið á djúpsævi við Ísland og Azoreyjar. Filipa og Paul taka þátt í rannsókn áhrifum hljóðbylgna á atferli háhyrninga og hnúfubaka sem hófst á árinu; í tengslum við verkefnið var Paul við vettvangsrannsóknir í Norður-Noregi um fjögurra vikna skeið.

Doktorsnemum miðaði vel áfram í rannsóknnum sínum á árinu. Anna Selbmann er langt komin með doktorsverkefni sitt sem nefnist *Samskipti*





á milli tveggja rándýra í sjó með flókið félagsmynstur: hlutverk hljóðfræðilegra bendinga birtu grein um tjáskipti háhyrninga og Tatiana Marchon sómuleiðis en verkefni hennar nefnist *Vistfræðilegir og félagslegir drifkraftar í hljóðrænum samskiptum háhyrninga (Orcinus orca)*. Filipa og Marianne Rasmussen forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Húsavík leiðbeina Theresu í sameiningu. Filipa leiðbeinir einnig Ayça Eleman og Caroline Haas, sem vinna að doktorsverkefnum við Háskóla Íslands, og Chérine Baumgartner sem stundar doktornám við ETH Zürich í Sviss.

Allmargir nemendur tóku þátt í vettvangsrannsóknum við Vestmannaeyjar um sumarið auk erlends samstarfsfólks og nemenda í starfsþjálfun; meistara- og doktorsnemar aðstoðuðu einnig við rannsóknir á andarnefjum. Fimm meistaranemar luku við verkefni sín á árinu, öll tengd hljóðmyndun hvala og/eða atferli, og fjórir nemendur hófu starfsþjálfun um haustið, allir með áherslu á ljósmyndagreiningu og hljóðmyndun.

Filipa kenndi námskeið um vistfræði haf- og strandsvæða við Háskóla-setur Vestfjarða og tók þátt í fundi vísindanefndar *International Quiet Ocean Experiment* (<https://www.iqoe.org/>) við Woods Hole Oceanographic Institution í Bandaríkjunum. Meðal markmiða IQOE er að stuðla að rannsóknum á hljóðheimi hafsins og áhrifum hljóða á lífríki þess. Filipa sat einnig í valnefnd evrópsku sjávarlíffræðiráðstefnunnar *European Marine Biology Symposium* sem var haldin í Reykjavík í september. Paul hélt erindi um hljóðmengun í hafi á ársfundi vinnuhóps um vistkerfi Noregshafs sem starfar innan vébanda Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) og kenndi nemendum í *International Master of Bioacoustics* við Háskólann í St. Etienne í Frakklandi.

Kynning og fræðsla voru mikilvægir þættir í starfinu og tók starfsfólk m.a. þátt í Starfakynningu 2023 í Þekkingarsetri Vestmannaeyja þar sem sagt var frá rannsóknum á sjávarspendýrum, auk annarra kynninga og viðburða, bæði hérlendis og erlendis.

ÚTGÁFA

- Selbmann A, Miller PJO, Wensveen PJ, Svavarsson J and Samarra FIP (2023) *Call combination patterns in Icelandic killer whales (Orcinus orca)*. Scientific Reports 13: 21771, doi:10.1038/s41598-023-48349-1
- Haas, CE, Neubarth, BK, Miller, PJO, Hooker, SK, Svavarsson, J and Wensveen, PJ (2023). *Acoustic behaviour of northern bottlenose whales (Hyperoodon ampullatus) in Icelandic inshore waters*. Proceedings of the 10th Convention of the European Acoustics Association, Forum Acusticum 2023. doi:10.61782/fa.2023.0708
- Xuereb N, Ólafsdóttir K, Samarra F, Svavarsson J and Magnúsdóttir EE (2023) *Quantifying POPs from a long-finned pilot whale mass stranding in Iceland*. Marine Pollution Bulletin doi:10.1016/j.marpolbul.2023.115758
- Remili A, Dietz R, Sonne C, Samarra FIP, Letcher R, Rikardsen A, Ferguson SH, Watt CA, Matthews CJD, Kiszka J, Rosing-Asvid A and McKinney MA (2023) *Varying diet composition causes striking differences in leg-*

acy and emerging contaminant concentrations in killer whales across the North Atlantic. Environmental Science & Technology doi:10.1021/acs.est.3c05516

- Chosson V, Randhawa HS, Sigurðsson GM, Halldórsson SD, Björnsson ÞP, Svansson V, Gunnarsson K, Samarra FIP and Pampoulie C (2023) *First record of Risso's dolphin, Grampus griseus (Cuvier, 1792), in Icelandic waters*. Ecology and Evolution 13:e10477, doi: 10.1002/ece3.10477
- Selbmann A, Deecke VD, Filatova OA, Fedutin ID, Miller PJO, Simon M, Bowles AE, Lyrholm T, Lacey C, Magnúsdóttir EE, Maunder W, Wensveen PJ, Svavarsson J and Samarra FIP (2023). *Call type repertoire of killer whales (Orcinus orca) in Iceland and its variation across regions*. Marine Mammal Science 39: 1136-1160, doi: 10.1111/mms.13039
- Remili A, Dietz R, Sonne C, Samarra FIP, Rikardsen A, Ketteimer LE, Ferguson SH, Watt CA, Matthews CJD, Kiszka J, Jourdain E, Borgå K and McKinney MA (2023) *Revealing the diets of North Atlantic killer whales using quantitative fatty acid signature analysis*. Journal of Animal Ecology, 92: 1216-1229, doi:10.1111/1365-2656.13920
- Pérez-Jorge, S, Oliveira, C, Iglesias Rivas, E, Prieto, R, Cascão, I, Wensveen, PJ, Miller, PJO & Silva, MA (2023). *Predictive model of sperm whale prey capture attempts from time-depth data*. Movement Ecology 11:33. doi:10.1186/s40462-023-00393-2
- Bjarnason, S, Pétursdóttir, H, Dutro, MM & Wensveen, PJ (2023). *Helstu niðursögður vistfræðileiðangurs í Austurdjúpi á RS Árna Friðriksyni í maí 2022*. Report of the Marine and Freshwater Research Institute, HV 2023-07.

KYNNINGAR Á RÁÐSTEFNUM

- Bellon G, Wensveen P, Rasmussen M, Laute A, Muoy X, Selbmann, A and Samarra F (2023) *Acoustic detections of killer whales (Orcinus orca) in offshore Icelandic waters*. 34th Annual Conference of the European Cetacean Society, Galicia, Spain, 18-20th April 2023 (poster).
- Bellon, G, Wensveen, P, Rasmussen, M, Laute, A, Mouy, X, Selbmann, A & Samarra, F (2023). *Killer whale (Orcinus orca) occurrence in Icelandic waters and potential connectivity with Norway revealed by passive acoustic monitoring*. Líffræðiráðstefnan 2023, Reykjavík, Iceland. (poster).
- Chicco C, Papale E, Tyarks SC, Wensveen PJ, Muoy X and Samarra FIP (2023) *First description of seasonal acoustic occurrence and behaviour of humpback whales (Megaptera novaeangliae) in southern Iceland*. 34th Annual Conference of the European Cetacean Society, Galicia, Spain, 18-20th April 2023 (poster).
- Crighton A, Samarra F and Jourdain E (2023) *A comparison of the saddle patches, rake marks and catalogues of the Icelandic and Norwegian killer whale (Orcinus orca) populations*. Ráðstefna Vistfræðifélags Íslands, 24-25th April 2023 (poster).
- Giovannini G, Miller PJO and Samarra FIP (2023) *Sound production during feeding by Icelandic herring-eating killer whales*. 34th Annual Conference of the European Cetacean Society, Galicia, Spain, 18-20th April 2023 (stutt erindi)
- Haas, CE, Neubarth, BK, Miller, PJO, Hooker, SK, Svavarsson, J & Wensveen, PJ (2023) *Acoustic behaviour of northern bottlenose whales*



(*Hyperoodon ampullatus*) in Icelandic inshore waters. 10th Convention of the European Acoustics Association, Turin, Italy (erindi)

Lam, FPA, Kvadsheim, PH, Miller, PJO, Wensveen, PJ & Binder, C (2023). *The Sea Mammals & Sonar Safety (3S) Project: BRS results, current trends and future outlook*. 3rd International Conference and Exhibition on Ocean Noise, Barcelona, Spain (erindi)

Marchon T, Rasmussen M, Basran C, Whittaker M, Bertulli C, Harlow C, Lott R, Alexander H, Boisseau O, Gendron F, Kershaw A, Kinni J, Kjartansson B, Klotz L, Lionnet L, Louis M, Messina M Michel H, Neubarth B, Ovide BG, Podt A, Ryan C, SR, Scott J, Smit R, Verdaat H and Samarra FIP (2023) *Geographical movements, site fidelity and connectivity of killer whales within and outside herring grounds in Icelandic coastal waters*. Animal Behaviour Live, 16-17 November 2023 (erindi)

Martinez Catalan, RA, Samarra, F & Wensveen, P (2023). *Whales of Vestmannaeyjar: A citizen science initiative to monitor year-round presence of cetaceans the around Vestmannaeyjar archipelago*. 11. Ráðstefna Vistfræðifélags Islands, Laugarbakk, Iceland. (poster)

Selbmann A, Miller PJO and Samarra FIP (2023) *Call type combination patterns in Icelandic killer whales*. 34th Annual Conference of the European Cetacean Society, Galicia, Spain, 18-20th April 2023 (erindi)

Selbmann A, Basran CJ, Bertulli CG, Hudson T, Mruscok M-T, Rasmussen MH, Rempel JN, Scott J, Svavarsson J, Wensveen PJ, Whittaker M, Samarra FIP (2023) *Interspecific interactions between two marine top predators off Iceland*. 56th European Marine Biology Symposium, 4-8 September 2023 (erindi)

Selbmann A, Miller PJO, Wensveen PJ, Svavarsson J, Samarra FIP (2023)

Já, já, já og jæja: Icelandic killer whales repeat and combine calls. Icelandic Biology conference, 12-14 October 2023 (erindi)

Selbmann A, Miller PJO, Wensveen PJ, Svavarsson J, Samarra FIP (2023) *Call type combination patterns in Icelandic killer whales*. Animal Behaviour Live, 16-17 November 2023 (poster)

NÁMSRITGERÐIR

Bellon, Giulia (2023) *Playing hide and seek underwater: Evidence of orca (Orcinus orca) presence in offshore Icelandic waters through acoustic analysis*. MSc Environment and Natural Resources dissertation, University of Iceland, Iceland. 84 pp.

Dutro, MM (2023). *Investigating occurrence and fine-scale movement of deep-diving cetaceans in Icelandic offshore waters through passive acoustic monitoring*. MS thesis in Coastal and Marine Management, University of Akureyri.

Giovannini, Giorgia (2023) *The sound of eating: Acoustic behaviour and sound production during feeding by Icelandic herring-eating killer whales (Orcinus orca)*. MSc Evolution of Animal and Human Behaviour dissertation, University of Turin, Italy, 67 pp.

Kagerer, P (2023). *Passive acoustic monitoring provides a first insight of the behaviour of sperm whales off eastern Iceland*. MS thesis, International Master of Bioacoustics, University of St Etienne.

Neubarth, BK (2023). *Way down we dive: Dive behavior of northern bottlenose whales (Hyperoodon ampullatus) in the Northeast Atlantic*. MS thesis in Coastal and Marine Management, University of Akureyri.






RANNSÓKNASETUR HÍ Á SUÐURNESJUM

Rannsóknir setursins tengjast einkum lífríki sjávar, með megináherslu á vistfræði og áhrif mengandi efna á sjávarlíffverur. Forstöðumaður er dr. Halldór Pálmar Halldórsson sjávarlíffræðingur en auk hans voru tveir starfsmenn í fullu starfi allt árið: Hermann Dreki Guls starfar sem sérfræðingur og Sandra Dögg Georgsdóttir sem aðstoðarmaður við rannsóknir; Sandra Dögg hóf jafnframt meistaranám sitt við setrið um haustið og er Halldór leiðbeinandi hennar. Rannsóknasetrið deilir húsnæði í Sandgerði með Náttúrustofu Suðvesturlands og Þekkingarsetri Suðurnesja sem voru sem fyrr nánir samstarfsaðilar.

Helstu verkefni ársins voru áframhaldandi rannsóknir á kröbbum og kræklingi, auk nákuðunga, þar sem lögð er áhersla á vöktun, eiturefnavistfræði og líffræðilega mælikvarða í dýrunum í tengslum við mengun. Setrið sá áfram um kræklingasöfnun á landsvísu vegna AMSUM-mengunarvöktunar; í ár fóru fram sýnatökur og mælingar á efnainnihaldi í seti frá höfnum

á Suðurnesjum. Verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja og er hluti af viðamiklum rannsóknum á mengun hafna á Íslandi í samstarfi við Umhverfisstofnun (UST) sem hófust árið 2022. Setrið kom að nokkrum vöktunarverkefnum á árinu, þar á meðal verkefni sem fer fram á fimm ára fresti og er hluti af ICES/OSPAR vöktun UST við Ísland. Um er að ræða greiningar á falskyni (e. *imposex*) og styrk lífrænna tinsambanda í nákuðungum (*Nucella lapillus*) en þetta var í annað sinn sem setrið sá alfarið um þetta verkefni. Þá sá setrið um mengunarvöktun fyrir ÍSAL vegna álversins í Straumsvík, sýnatökur og mælingar á lífríki í sjó í grennd við hvalstöðina og við Katanes í Hvalfirði. Jafnframt fóru fram botnsýnatökur á nokkrum stöðum í Faxaflóa vegna vöktunar á örplasti í seti en það verkefni hófst á árinu í samstarfi við UST og verður líklega framhald þar á.

Líkt og áður var alþjóðlegt samstarf umfangsmikið og fjölbreytt. Setrið







tók þátt í rafrænum fundi vinnuhóps innan ICES um áhrif mengandi efna á lífverur (Working Group on Biological Effects of Contaminants; WGBEC - SGEFF) sem haldinn var 17.–21. apríl og tók þátt í fundi AMAP-vinnuhóps um plastmengun á Norðurslóðum sem haldinn var hér á landi í tengslum við ráðstefnuna Arctic Plastic Symposium sem haldin var í Hörpu. Setrið kom einnig að skipulagningu og tók þátt í vinnustofu með grísku samstarfsfólki sem haldin var í Aðalbyggingu HÍ í október en það samstarf er styrkt af uppbyggingarsjóði EES og snýst m.a. um rannsóknir á nýrri tækni sem vonast er til að nýta megi til að búa til neysluvatn úr sjó án neikvæðra umhverfisáhrifa. Þátttaka í *European Rivers Monitoring Project* hélt áfram á þessu ári en sýnatökum á Íslandi sem setrið hefur séð um lauk á árinu. Í kjölfarið hófst annað verkefni sem kallast *Global Estuaries Monitoring* og er leitt af vísindafólki í Hong Kong. Verkefnið snýst um að leita að lyfja-

efnum í árósum um allan heim með stöðluðum sýnatökum og greiningar- aðferðum og sá setrið um sýnatökur fyrir Ísland.

Kynningarstarf var talsvert á árinu, meðal annars útvarpsviðtöl á Rás 2 á RÚV og í Bítinu á Bylgjunni þar sem fjallað var vítt og breitt um starfsemi og rannsóknir setursins. Setrið tók þátt í Líffræðiráðstefnunni 2023 og *European Marine Biology Symposium* og var starfsfólk setursins með nokkur erindi og veggspjöld. Að auki tók setrið þátt í Vísindavöku Rannís í Laugardalshöllinni og starfsgreinakynningu í íþróttahúsinu í Keflavík líkt og undanfarin ár og voru þeir viðburðir afar vel sóttir.

Starfsmenn setursins kenndu í fimm námskeiðum í líffræði við HÍ og forstöðumaður var jafnframt meðleiðbeinandi og í doktorsnefnd tveggja doktorsnema. Einn nemandi hóf meistaranám undir leiðsögn Halldórs á árinu og annar lauk BS-námi.



Setrið hefur umsjón með og sér um rekstur á Sæmundi fráða RE 32, 8 tonna bát í eigu HÍ, en á árinu nýttist hann áfram afar vel við kennslu og ýmis rannsóknaverkefni.

RITASKRÁ


- Benito, D., Guls, H.D., Halldórsson, H.P., Ciesielski, T.M., Izagirre, U., Lekube, X., Etxebarria, N., Marigómez, I., Zaldibar, B., Soto, M. 2023. Integrated assessment of biological responses to pollution in wild mussels (*Mytilus edulis*) from subarctic and arctic areas in the Norwegian sea. *Environmental Pollution* 336, 122454. <https://doi.org/10.1016/j.envpol.2023.122454>
- Burgeot, T., Mauffret, A.J., Anderson, Brooks, S., Assuncao, M., Bellas Bereijo, J., Bignell, J., Campillo, J.A., Coorman, K., Förlin, L., Giltrap, M., Guls, H.D., Hylland, K., Halldórsson, H.P., Martinez-Gomez, C., McHugh, B., Parmentier, K., Scharsack, H., Sturve, J. og Tairova, Z. 2023. Integrated biological effects and chemical contaminants approach: a case study. In: OSPAR, 2023: The 2023 Quality Status Report for the North-East Atlantic. OSPAR Commission, London. 26 pp. <https://oap.ospar.org/en/ospar-assessments/qualitystatus-reports/qsr-2023/other-assessments/integrated-biological-effects>
- Coatan, D.J., Guls, H.D., Þorsteinsdóttir, M., Halldórsson, H.P. 2023. Effect of environmental physico-chemical parameters on the biochemical composition of wild Icelandic *Laminaria digitata* and *Saccharina latissima* (Laminariaceae, Phaeophyceae). *Regional Studies in Marine Science* 60, 102839. <https://doi.org/10.1016/j.rsma.2023.102839>
- Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls, Sandra Dögg Georgsdóttir og Sólvi Rúnar Vignisson. 2023. Viðtakarannsókn á fráveitu Isavia Keflavíkurflugvelli við Djúpvík á Stafnesi sumarið 2022. Skýrsla unnin fyrir Isavia ohf., maí 2023, 32 bls.
- Halldór Pálmar Halldórsson. 2023. Botnsýnataka í grennd við flak bátsins Blíðu SH 277 sem sókk í Breiðafirði í nóvember 2019. Verkefni unnið fyrir Royal Iceland hf., desember 2023, 4 bls.
- Halldór Pálmar Halldórsson, Sandra Dögg Georgsdóttir og Hermann Dreki Guls. 2023. Mengun sjávar rannsökuð á Suðurnesjum. Lokaskýrsla til Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja, 13 bls.
- Sindri Gíslason, Hermann Dreki Guls, Joana Micael og Halldór Pálmar Halldórsson. Grjótkrabbavöktun 2022. Skýrsla Náttúrustofu Suðvesturlands og Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum, apríl 2023, 14 bls.
- Sindri Gíslason, Joana Micael, Sigríður Vala Finnsdóttir, Ólafur Páll Jónsson, Sandra Dögg Georgsdóttir, Hermann Dreki Guls og Halldór Pálmar

Halldórsson. Fráveita affallsvökva til Arfadalsvíkur: Vöktun lífríkis árið 2023. Verkefni unnið fyrir HS Orku hf., desember 2023, 32 bls.

Þorleifur Eiríksson, Þorleifur Ágústsson, Guðmundur Víðir Helgason, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Halldór Pálmar Halldórsson, Þorgerður Þorleifsdóttir, Erlendur Gíslason og Jónatan Þórðarson. Ákvörðun lágmarks hvíldartíma fiskeldis byggt á botnrannsóknunum. 2022. Verkefni styrkt af Umhverfissjóði sjókvíaeldis, skýrsla RORUM 2022-015, 27 bls.

KYNNINGAR OG VÍSINDAMIDLUN

- Ásta Margrét Ásmundsdóttir, Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls, Veslemøy Navrestad og Alessio Gomiero. Occurrence of microplastics in the subarctic waters nearby a wastewater treatment plant in Reykjavík, Iceland. 2023. Erindi á ráðstefnunni Arctic Plastic Symposium, 22.-23. nóvember í Höpnu.
- Halldór Pálmar Halldórsson. 2023. „Hvaða mánuði er hægt að veiða grjótkrabba til matar við strendur Faxaflóa?“. Svar á Vísindavef HÍ, 7. mars 2023.
- Halldór Pálmar Halldórsson. Útvarpsviðtal í Samfélaginu á Rás 2 á RÚV 9. maí 2023. Fjallaði um krækling og notagildi hans í mengunarvöktunum.
- Halldór Pálmar Halldórsson. 2023. Monitoring marine pollution in Iceland: case studies. Erindi á vinnustofu með grísku samstarfsfólki haldin í Aðalbyggingu HÍ 10. október 2023. Styrkt af uppbyggingarsjóði EES.
- Halldór Pálmar Halldórsson. 2023. Plastic studies in Iceland. Erindi á fundi alþjóðlegs AMAP vinnuhóps um plastmengun á Norðurlóðum: Back-to-back with the Second International Symposium on Plastics in the Arctic and Sub-Arctic Region 22. –23. nóvember 2023, Center Hotels, Reykjavík.
- Halldór Pálmar Halldórsson. Frétt og viðtal á heimasíðu HÍ, birt 3. desember 2023: Mikið mengunarálag í íslenskum höfnum.
- Halldór Pálmar Halldórsson. Útvarpsviðtal í Samfélaginu á Rás 2 á RÚV 6. desember 2023. Fjallaði um mengunarástand í höfnum á Íslandi.
- Halldór Pálmar Halldórsson. Útvarpsviðtal í Bítinu á Bylgjunni 8. desember 2023. Fjallaði um mengun við hafnir og nýjar tegundir við Íslandsstrendur.
- Halldór Pálmar Halldórsson. 2023. Biomarkers: Background levels for effects – determine BAC. Framlag og erindi flutt á fundi vinnuhóps Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) um líffræðileg áhrif af völdum mengnandi efna (Working Group on Biological Effects of Contaminants; WGBEC - SGEFF), Kaupmannahöfn 18.-19. desember 2023.
- Halldór Pálmar Halldórsson og Hermann Dreki Guls. 2023. Biomarkers:





Energetics, growth and survival. Erindi á rafrænum fundi vinnuhóps Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) um líffræðileg áhrif af völdum mengandi efna (Working Group on Biological Effects of Contaminants; WGBEC - SGEFF), Helsinki 17.–21. apríl 2023.

Halldór Pálmar Halldórsson, Sandra Dögg Georgsdóttir, Ashvini Victor og Hermann Dreki Guls. Organotin pollution in sediment and biota in Icelandic harbours. Erindi á EMBS-ráðstefnu (European Marine Biology Symposium) 4.–8. september 2023 á Hótel Natura í Reykjavík.

Halldór Pálmar Halldórsson, Sandra Dögg Georgsdóttir, Ashvini Victor og Hermann Dreki Guls. Vöktun og áhrif trífútýlins (TBT) síðastliðin 30 ár í grennd við íslenskar hafnir. Erindi á Líffræðiráðstefnu 2023 dagana 12.–14. október í Öskju og Íslenski erfðagreiningu.

Hermann Dreki Guls og Sandra Dögg Georgsdóttir. Starfsgreinakynning fyrir grunnskólanemendur á Suðurnesjum. Kynning á starfi sjávarlíffræðinga og lífefnafræðinga fyrir nemendur í 8. og 10. bekk grunnskóla. Haldið í íþróttahúsi Keflavíkur 5. október 2023.

Hermann Dreki Guls, Halldór Pálmar Halldórsson, Luna Grimault, Lucie Mangin, Heiðrún Inga Guðmundsdóttir og Sandra Dögg Georgsdóttir. Novel application of horse mussel (*Modiolus modiolus*) for environmental monitoring and metal accumulation: A case study in Iceland. Erindi á EMBS ráðstefnu (European Marine Biology Symposium) 4. – 8. september 2023 á Hótel Natura í Reykjavík.

Hermann Dreki Guls, Sandra Dögg Georgsdóttir, Sindri Gíslason, Joana

Micael og Halldór Pálmar Halldórsson. Eru íslenskar hafnir mengaðar? Veggspjald á Líffræðiráðstefnu 2023 dagana 12.–14. október í Öskju og Íslenski erfðagreiningu.

Sandra Dögg Georgsdóttir, Halldór Pálmar Halldórsson og Hermann Dreki Guls. Áhrif mengandi efna á krækling (*Mytilus edulis*) í höfnum á Suðurnesjum skoðuð með notkun lífmerkja. Erindi á Líffræðiráðstefnu 2023 dagana 12.–14. október í Öskju og Íslenski erfðagreiningu.

Sandra Dögg Georgsdóttir, Hermann Dreki Guls og Halldór Pálmar Halldórsson. Vísindavaka Rannís, haldin í Laugardalshöll 30. september 2023.

Sindri Gíslason og Halldór Pálmar Halldórsson. Grjótkrabbí við Ísland – vinnustofa með fræðafólki og hagsmunaaðilum. Sameiginlegt erindi haldið á vinnustofu sem styrkt var af alþjóðlegu norðurslóðavísindasamtökunum (International Arctic Science Consortium – IASC) á Hafrannsóknastofnun þann 18. október 2023.

PRÓFRITGERÐ

Heiðrún Inga Guðmundsdóttir. 2023. Öðuskel (*Modiolus modiolus*) könnuð sem möguleg vöktunarlífvera fyrir sjávarmengun í samburði við krækling (*Mytilus edulis*). 15 eininga BS-ritgerð við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, 40 bls. <http://hdl.handle.net/1946/44579>



RANNSÓKNASETUR HÍ Á SNÆFELLSNESI

Rannsóknasetrið er til húsa í Stykkishólmi. Dr. Jón Einar Jónsson vísindamaður er forstöðumaður en auk hans voru þrír starfsmenn við setrið. James Fletcher hóf störf 1. mars sem verkefnisstjóri í fullu starfi. Anna Ejsmond sem er í stöðu nýdoktors rannsakar áhrif thíamínskorts í æðarfugli með líkanagerð á sviði fræðilegrar vistfræði, og Elisabeth Knudsen doktorsnemi rannsakar tengsl svipgerðar og aðlagana að umhverfi í andfuglum. Hera Guðlaugsdóttir, nýdoktor við Raunvísindastofnun HÍ og University of California, er gestafræðimaður en hún notar loftslagslíkön til að meta áhrif eldgosa á veðurfar.

Merkingar á æðarfugli í Breiðafjarðareyjum eru langtíma verkefni, unnið í samstarfi við landeigendur og styrkt af Rannsóknasjóði HÍ. Alls náðist eða endurheimtist 241 merkt æðarkolla í Breiðafirði, þar af voru 78 nýmerktar í Landey, Stakksey, Hjallsey, Rifgjörðingum og Elliðaey. Ellen Magnúsdóttir líffræðingur og Jón Jakobsson í Rifgjörðingum tóku þátt í merkingum eins og mörg undanfarin sumur, auk Árna Ásgeirssonar sem starfaði áður hjá setrinu. Bart og Doortje Ebbinge frá Hollandi liðsinnu við merkingar í Landey en Bart vinnur að efni um æðarfugl.

Einnig voru merktar æðarkollur utan Breiðafjarðar vegna doktorsverkefnis Elisabethar. Því bættust við 22 merktar æðarkollur á Skálanesi í Seyðisfirði, 24 að Ásbúðum á Skaga og loks merktu Elisabeth og hennar samstarfsfólk 43 í Færeyjum, í Kirkjubóhólma og Sumbíarhólma. Blóðsýnum var safnað á öllum stöðunum á Íslandi og úr flestum fuglanna í Færeyjum. Samstarfsmenn eru Snæbjörn Pálsson við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ og Sveinn Are Hanssen hjá Norsk Institutt for Naturforskning.

Haldið var áfram með fleiri sjálfstæð merkingaverkefni. Í júlí voru merktir 75 máfsungar í Landey og 106 æðarungar að Keisbakka á Skógarströnd. Talningar á æðarungum, vatnafuglum og afkomu bjargfugla fóru fram eins og vant er; um vatnafugla og bjargfugla er samstarf með Náttúrustofu Vesturlands. Í jólafluglatalningum Náttúrufræðistofnunar Íslands voru taldir Álfafjörður, Vigrafjörður og Hofstaðavogur.

Rannsóknasetrið á dróna sem var nýttur við að kortleggja æðarhreiður úr lofti til að flýta fyrir hreiðraleit, telja máfa í Landey, Hjallsey og Stakksey í byrjun júní, og telja fýlsunga í Stykkishólmi í ágúst.

Setrið hefur um árabíl tekið þátt í norska Seatrack-verkefninu sem miðar að því kortleggja vetrarstöðvar og farleiðir 11 sjóflugategunda. Í ár voru settir út 10 hnattstöðuritar en 10 slíkir voru endurheimtir frá fyrri árum. Alls hafa verið settir út 224 hnattstöðuritar og nú fóru út í fyrsta sinn 5 GPS ritar. Alls hafa 162 hnattstöðuritar verið endurheimtir 2014-2023. Norsk Institutt for Naturforskning leiðir verkefnið, sem mun standa til a.m.k. 2026.

Farin var vettvangsferð með Rannsóknasetrinu á Ströndum í Purkey 16. ágúst en þar var leitað örnefna og sögustaða með liðsinni heimamanna og staðkunnugra.

Vettvangsnámskeið í umhverfis- og auðlindafræði var haldið í Stykkishólmi í fyrsta sinn í maí, með þátttöku Rannsóknasetursins, Náttúrustofu, Minjavarðar Vesturlands, Asco Harvester, Æðarseturs Íslands og fleiri sérfræðinga. Rannsóknasetrið kom að fjórum framlögum á Líffræðiráðstefnunni í október og var með erindi fyrir ársfund Æðarræktarfélags Íslands í nóvember, og fyrir hóp frá Bresku Kólumbíu í félagi við Náttúrustofu.

Jón Einar starfaði í Faghópi 1 í Rammaáætlun og í ráðgjafarnefnd Umhverfisráðuneytis um framtíð lífverur. Hann var einnig fagritstjóri hjá tímaritinu Wildlife Biology og í ráðgefandi nefnd alþjóðlegu sjóandaráðstefnunnar, International Seaduck Conference.

Á árinu birtust fimm greinar eftir starfsmenn setursins og samstarfsfólk í alþjóðlegum tímaritum. Meðal umfjöllunarefna eru áhrif landrándýra á æðarvarp, tengsl ónæmisviðbragða við vöxt hryggdýra, áhættugreining á plastmengun í sjófluglum, samspil fæðuvals, mengunarefna og hormónastarfsemi í æðarkollum, og dreifing fuglaflensu um farleiðir milli heimsálfa.





GREINAR

- Jónsson, J.E., Rickowski, F., Ruland, F., Ásgeirsson, Á. & Jeschke, J. 2023. Long-term data reveal contrasting impacts of native vs invasive nest predators in Iceland. *Ecology letters* 26: 2066-2076.
- Ejsmond, M.J., Radwan, J., Ejsmond, A., Gaczorek, T., Babik, W. 2023. Adaptive immune response selects for postponed maturation and increased body size. *Functional Ecology* 37: 2883-2894.
- Clark, B.L., Carneiro, A.P.B., Pearmain, E.J. et al. Global assessment of marine plastic exposure risk for oceanic birds. *Nature Communications* 14, 3665 (2023).
- Smith, R.A., Fort, J., Legagneux, P., Chastel, O., Mallory, M., Bustamante, P., Danielsen, J., Hanssen, S.A., Jónsson, J.E., Magnúsdóttir, E., Moe, B., Parentau, C., Parkinson, K.J.L., Parsons, G.L., Tertitski, G., Love, O. 2023. Do foraging ecology and contaminants interactively predict parenting hormone levels in common eider? *General and Comparative Endocrinology* 337: 114261
- Gass Jr. J.D., Dusek, R.J., Hall, J.S., Hallgrímsson, G.T., Halldórsson, H.P., Vignisson, S.R., Ragnarsdóttir, S.B., Jón Einar Jónsson, Krauss, S., Wong, S.-S., Wan, X.-F., Akter, S., Sreevatsan, S., Trovão, N.S., Nutter, F.B., Runstadler, J.A., Hill, N.J. 2023. Global dissemination of Influenza A virus is driven by wild bird migration through arctic and subarctic zones. *Molecular Ecology* 32: 198-213.

FYRIRLESTRAR

- Jón Einar Jónsson. Birds of Breiðafjörður. Fyrirlestur fyrir námskeiðið UAU260M Verndarsvæði í sjó, Háskóli Íslands, Stykkishólmi, 17. maí 2023
- Jón Einar Jónsson. The common eiders of Breiðafjörður. Fyrirlestur fyrir nemendahóp frá University of British Columbia, 15. maí 2023.



- Valtýr Sigurðsson, Jón Einar Jónsson, Menja V. Schmalensee, Róbert A. Stefánsson, Jörundur Svavarsson. Long-term impacts of large-scale herring death on benthic fauna in a shallow silled fjord in Iceland. 56th Marine Biology Symposium, Hótel Natura, Reykjavík 4.-8. September 2023.
- Jón Einar Jónsson, Ellen Magnúsdóttir, James A. Fletcher, Jamie Noreen Carroll, Árni Ásgeirsson, Jón Jakobsson, Elisabeth Knudsen, Anna Ejsmond. Do experienced individuals respond to population variation in nest initiation dates? Líffræðiráðstefnan 2023, haldin í 12.-14. október 2023 í Öskju og Íslenski erfðagreiningu
- Snæbjörn Pálsson, Elisabeth Knudsen, Nuno Martins, Tom Gilbert, and Jón Einar Jónsson. Genomic analysis of common eiders, *Somateria mollissima*, in Iceland and Faroe Islands. Líffræðiráðstefnan 2023, haldin í 12.-14. október 2023 í Öskju og Íslenski erfðagreiningu.
- Jón Einar Jónsson. 2023. Áhrif töfu og minks á dreifingu æðarhreiddra í Breiðafjarðareyjum. Ársfundur Æðarræktarfélags Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands Keldnaholti, 18. nóvember.

VEGGSPJÖLD

- Elisabeth Knudsen, Snæbjörn Pálsson, Ellen Magnúsdóttir, James A. Fletcher, Árni Ásgeirsson, Jóhannis Danielsen, Sveinn Are Hansen, Jón Einar Jónsson. Assessing colour variation of the common eider, *Somateria mollissima*, in the Faroe Islands and Iceland. Líffræðiráðstefnan 2023, haldin í 12. - 14. október 2023 í Öskju og Íslenski erfðagreiningu.
- Yann Kolbeinsson, Snæþór Aðalsteinsson, Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Brynjúlfur Brynjólfsson, Cristian Gallo, Hálfán Helgi Helgason, Jón Einar Jónsson, Rodrigo A. Martínez Catalán, Róbert Arnar Stefánsson og Sindri Gíslason. Vöktun bjargfluglastofna á Íslandi 2009 til 2022. Líffræðiráðstefnan 2023, haldin 12. - 14. október 2023 í Öskju og Íslenski erfðagreiningu.



RANNSÓKNASETUR HÍ Á VESTFJÖRÐUM

Rannsóknasetrið er í Bolungarvík. Við setrið störfuðu á árinu 2023 tveir sérfræðingar í fullu starfi, dr. Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir líffræðingur, sem jafnframt er forstöðumaður setursins, og dr. Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur. Guðbjörg Ásta var í tímabundnu leyfi frá störfum þar til í júlí og sinni Ragnar störfum forstöðumanns í fjarveru hennar. Einnig störfuðu þrír doktorsnemar og einn meistaranemi við setrið; sumarstarfsmenn voru tveir.

Rannsóknasetrið flutti á árinu og er nú til húsa að Aðalstræti 10-12 en þar er kjarni rannsókn- og nýsköpunarstarfsemi, m.a. Náttúrustofa Vestfjarða og nýsköpunarfyrirtækið Blámi ehf. Rannsóknasetrið hefur síðustu ár unnið gagngert að því að bæta aðstöðu og tækjabúnað til rannsókna í strandsjó og á strandsvæðum, bæði á sviði líffræði og fornleifafræði. Þessari uppbyggingu hefur verið fundinn staður í nýju húsnæði; hún skapar setrinu sess sem ákjósanlegur vettvangur til að sinna fjölbreyttum rannsóknum svo sem kortlagningu búsvæða á hafsbotni, umhverfisstýrðum tilraunum á fiskum á rannsóknastofu, merkingu á fiskum á vettvangi og skráningu minjastaða á hafsbotni. Þá hefur þessi uppbygging gert setrinu enn frekar kleift að sinna samfélagsverkefnum, t.d. með því að taka á móti hópum vísindamanna og nema. Setrið tók á móti nokkrum skólahópum á árinu bæði til almennrar kynningar á starfinu og einstökum verkefnum.

Þrír doktorsnemar störfuðu við setrið árið 2023. Anja Nickel vinnur að verkefninu „Vistfræði og búsvæðanýting þorskfiskseiða við náttúrulegar aðstæður“. Theresa Henke að verkefninu „Landnám flundru (*Platichthys flesus*) á Íslandi“ og Michelle Valliant að verkefninu „Breytileiki innan og á milli algengra fiskitegunda í viðbrögðum við álagspáttum í nærsjó“. Þær ánægjulegu fréttir bárust í janúar 2023 að Anja, Theresa og Michelle hlutu allar styrki doktorsrannsókna sinna úr Rannsóknasjóði Rannís, þrír

af fjórum úthlutuðum styrkjum til verkefna á sviði náttúruvísinda runnu þar með til doktorsnemenda við setrið. Einn nemandi, Reesha Price, vann að meistaraverkefni sínu við setrið, en hún rannsakaði áhrif bátaumferðar á afferli þorskungviðis. Reesha varði meistaratitgerð sína við Háskólann á Akureyri í maí 2023.

Rannsóknir ársins einkenndust nokkuð af framvindu verkefna styrktra af Rannsóknasjóði Rannís. Guðbjörg Ásta hlaut verkefnastyrk til verkefnisins „Innri og ytri áhrifaþættir við upphaf fars þorsks“ í upphafi árs 2022 og hélt vinna við verkefnið áfram 2023. Vettvangsvinna ársins fólst m.a. í uppsetningu stórs kerfis hlustunardufla í Dýrafirði, en með því verður fylgst með ferðum þorskungviðis um fjörðinn og áhrifum umhverfisþátta á þær ferðir, sérstaklega hvernig umhverfi hvatar far af uppeldisstöðvum. Gott samstarf var við Hafrannsóknastofnun en með því að veiða þorskungviði til merkinga í reglubundnum rækjuleiðangri stofnunarinnar var hægt að tryggja að unnið væri með þorsk af ólíkum fargerðum.

Tveir styrkir fengust úr Fornminjasjóði til fornleifarannsókna á vegum setursins. Fyrri styrkurinn var vegna verkefnisins „Hvalveiðistöðvar Norðmanna á Íslandi“ sem beinist að minjum á Austfjörðum frá upphafi 19. aldar. Auk skráningar á landi var hafsbotninn í kringum hvalveiðistöðvarnar kannaður með jarðeðlisfræðilegum aðferðum. Seinni styrkurinn var vegna verkefnisins „Fornleifarannsóknir á neðansjávarminjum“ sem miðar að því að fá hugmynd um fjölda skipsflaka við Íslandsstrendur, ástand þeirra og rannsóknarmöguleika. Árið 2023 hófust rannsóknir á minjum við verslunarstaðinn á Básendum en ritaðar heimildir benda til þess að Básendar hafi allt frá miðöldum fram til 1799 verið mikilvægur verslunarstaður, þá sérstaklega fyrir Þjóðverja og Englendinga á 15. og 16. öld, og að á tímabilinu 1500-1799 hafi fjögur skip farist við verslunarstaðinn. Við



vettvangsrannsóknir var lögð áhersla á að kortleggja innsiglinguna, og ytri og innri hafnirnar til að fá sem gleggsta mynd af eðli og umfangi verslunarstaðarins. Við mælingar komu fram frávik og benda rannsóknagögnin sterklega til þess að þar sé tvö skipsflök að finna.

ÚTGÁFA

- GÁ Ólafsdóttir, S Turnbull, IG Jonsdóttir, A Nickel, T Henke, H Karlsson, S Pálsson, EE Nielsen. Genetic assignment predicts depth of benthic settlement for 0-group Atlantic cod. *Plos One*. 18 (10), e0292495
- R Beukeboom, JS Phillips, GÁ Ólafsdóttir, D Benháim. Personality in juvenile Atlantic cod ecotypes and implications for fisheries management. *Ecology and Evolution* 13 (4), e9952
- Ken-Reesha Alissah Price. The Effects of Acoustic Disturbances on Juvenile Atlantic Cod Behavior/Movement in Dyrafjörður, Iceland. Háskólinn á Akureyri. 45 ECTS meistaritgerð.

KYNNINGAR Á RÁÐSTEFNUM OG FUNDUM

- Theresa Henke. 17. mars. Involving stakeholders in the research on non-native European flounder (*Platichthys flesus*) in Iceland. Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands Egilsstaðir.
- Theresa Henke, Jakob Hemmer-Hansen, Snæbjörn Pálsson, Hlynur Bárðarson, Magnús Thorlacius & Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. 27.–28. mars. Defining an alien species with uncertain arrival pathway – the case of European flounder (*Platichthys flesus*) in Iceland. Ráðstefna Vistfræðifélags Íslands. Reykjavík.
- Theresa Henke, Jakob Hemmer-Hansen, Snæbjörn Pálsson, Hlynur Bárðarson, Magnús Thorlacius & Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. 15. – 19. maí. Defining an alien species with uncertain arrival pathway – the case of European flounder (*Platichthys flesus*) in Iceland. International Conference on Marine Bioinvasions. Baltimore.
- Theresa Henke, Kolbeinn Sæmundur Hrólfsson & Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. 4.-8. september. Have you seen this fish? Evaluating stake-






holder-involving methods as alternative to scientific surveying of non-native species in data poor regions. EMBS. Reykjavík.

Theresa Henke, Ana Novoa, Hlynur Bárðarson & Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. 12.–14. október. Let's talk aliens – the role of communication in invasion science. Ráðstefna Líffræðifélagsins. Reykjavík.

Anja Nickel, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir & Steven Campana. 4.–8. september. Temperature related distribution and seasonal migration of juvenile Atlantic cod (*Gadus morhua*) and saithe (*Pollachius virens*) at nearshore nurseries. EMBS, Reykjavík.

Anja Nickel, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, Steven Campana. 19.–24. júní. Temperature related distribution and seasonal migration of juvenile Atlantic cod (*Gadus morhua*) and saithe (*Pollachius virens*) at nearshore nurseries. ESSAS. Bergen.

Anja Nickel, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir & Steven Campana. 11.–16. júní. Temperature related distribution and seasonal migration of juvenile Atlantic cod (*Gadus morhua*) and saithe (*Pollachius virens*) at near-



shore nurseries, International Conference of Fish Telemetry, Sète.

Anja Nickel, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir & Steven Campana. 1.–3. maí. Temperature related distribution and seasonal migration of juvenile Atlantic cod (*Gadus morhua*) and saithe (*Pollachius virens*) at nearshore nurseries, ETN COST-Action Symposium, Izmir.


Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. 21. –23. mars. Interdisciplinary methods to understand cod and cod-fishers in Iceland. SeaChanges. Ravenna.

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir & Ragnar Edvardsson. 4. –8. september. Mapping the gap between area-based fisheries management and conservation tools and biodiversity conservation in Iceland. EMBS. Reykjavík.

Michelle Valliant & Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. 19.–24. júní. Distribution and movement of juvenile Atlantic cod in near-shore waters. ESSAS. Bergen.

Michelle Valliant & Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. 1.–3. maí. Comparison of juvenile Atlantic cod (*Gadus morhua*) and saithe (*Pollachius virens*) movement correlated with temperature at a species, individual, and ecotype level. ETN COST-Action Symposium, Izmir.







RANNSÓKNASETUR HÍ Á STRÖNDUM – ÞJÓÐFRÆÐISTOFA

Rannsóknasetur HÍ á Ströndum er til húsa í Próunarsetrinu á Hólmavík.

Tveir þjóðfræðingar voru í fullu starfi hjá Rannsóknasetri HÍ á Ströndum allt árið, þeir Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson. Guðlaug G.I. Bergsveinsdóttir, meistaraneimi í þjóðfræði, starfaði í 10 mánuði í hlutastarfi, einkum við ljósmyndaverkefni, og Rakel Jónsdóttir var í sumarstarfi við söfnun heimilda um landbúnað og daglegt líf í dreifbýli á síðari hluta 20. aldar en verkefnið var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og unnið í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands og Sauðfjársetur á Ströndum.

Helstu verkefni rannsóknasetursins á árinu 2023 vörðuðu vinnu með gamlar ljósmyndir, persónulegar heimildir, sögu Hólmavíkur, íslenska þjóðtrú, örnefni og menningarlandslag.

Áhugaverð og spennandi samstarfsverkefni eru í gangi, bæði á landsvísu og heima fyrir. Samstarf er við Árnastofnun um skráningu á viðtölum við Vesturfara inn á Ismus.is og unnið er að stóru samstarfsverkefni um gamlar ljósmyndir með Sauðfjársetri á Ströndum. Eins var ráðist í verkefni við skráningu ljósmynda í samvinnu við Þjóðminjasafnið og unnið að verkefni með ASÍ. Þá var unnið að verkefni um *Verndarsvæði í byggð á Hólmavík* í samvinnu við sveitarfélagið Strandabyggð, en rannsóknasetrið vinnur að tillögugerð og húsakönnun. Eiríkur og Jón aðstoðuð einnig fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga við rannsókn og skráningarverkefni fornleifa í nágrenni Hólmavíkur, í tengslum við þetta verkefni.

Einnig var setrið með styrk frá Byggðastofnun í verkefni sem heitir *Persónulegar heimildir – Myndir og minningar*; styrkurinn tengist byggðaáætlun um fjarvinnlustöðvar. Þá fengust smærri verkefnastyrkir frá Uppbyggingarsjóði Vestfjarða og Frumkvæðisjóði Sterkra Stranda.

Unnið var að gagnasöfnun með spurningakönnunum og viðtölum í tengslum við ýmsar rannsóknir, einkum verkefnið *Landbúnaður og daglegt*

líf í dreifbýli 1950-2000. Einnig voru gerðar vefkannanir um sama efni, sem og siði og hefðir á páskum og í tengslum við sumardaginn fyrsta í samtímanum. Að auki voru fjölbreytt efni könnuð, t.d. upplifun fólks á loftslagsbreytingum, landslagi, náttúru og þjóðsögum, og hugmyndir um líf eftir dauðann teknar til skoðunar.

Farið var í tvær vettvangs- og rannsóknarferðir á árinu. Í fimm daga gönguferð á þjóðsagnaslóðir á Norður-Ströndum voru dvergasteinar, álfabyggðir og útilegumannabæli leituð uppi og samhengi þeirra í landslaginu skoðað. Einnig var farið út í Purkey á Breiðafirði í fylgd með Jóni Einari Jónssyni hjá Rannsóknasetri HÍ í Stykkishólmi til að skoða álfabyggðir og minjar. Báðar þessar ferðir tengjast samstarfi við þýskt fræðafólk og undirbúningi bókar um álfasögur 19. aldar bóndans Ólafs Sveinssonar í Purkey. Unnið var að tveimur öðrum bókum á árinu sem tengjast íslenski þjóðtrú og birtar skýrslur, greinar og pistlar.

Starfsmenn setursins tóku virkan þátt í ráðstefnum og málþingum. Tvær ráðstefnur voru haldnar á Ströndum. Önnur hét *Upp í munn og ofan í maga! Málþing um matarhætti og menningu*. Hún var haldin á Galdrasýningunni á Hólmavík og var verkefni með nemendum í námskeiðinu *Hagnýt þjóðfræði* við Háskóla Íslands. Hin var árleg þjóðtrúarkvöldvaka með Sauðfjársetrinu sem hafði titilinn *Kynngimagnaðar sögur og kraftmiklir staðir*. Þá var boðið upp á Vísindakaffi í tengslum við Vísindavöku Rannís, einnig í samvinnu við Sauðfjársetrið og flutt þar erindi um rannsóknir og ævintýri í gönguferðinni miklu um eyðibygðir norður á Ströndum.

Rannsóknasetrið stóð fyrir ráðstefnu, listasmíðju og vinnustofu á Bíldudal um sæskrímsli, í samvinnu við Listahátíð í Reykjavík, Hringleik, Pilkington Props og Skrímslasetrið á Bíldudal. Verkefnið var fyrsta skrefið í undirbúningi götuleikhúss sem er fyrirhugað við upphaf Listahátíðar í

Reykjavík sumarið 2024 og skólaheimsóknna með sama þema innan vébanda verkefnisins *List fyrir alla*.

Starfsmenn tóku virkan þátt í fleiri ráðstefnum, m.a. Landsbyggðar-ráðstefnu þjóðfræðinga í Stykkishólmi og Þjóðarspeglinum við Háskóla Íslands. Þá hélt Jón erindi á ársfundi Stofnunar rannsóknasetra HÍ og sótti ráðstefnu SIEF í Brno í Tékklandi.

Eiríkur tók þátt í skólaverkefni um þjóðsagnagerð með grunnskólanum á Hólmavík og Jón sá um leiðsögn og móttöku skólahópa á sögusýninguna *Hvítabirnir í heimsókn á Sauðfjarsetrinu* eins og árið áður. Einnig var samstarf um verkefni í tengslum við *Barnamenningarháttíðina Púkann*, sem haldin var í fyrsta skipti á Vestfjörðum öllum, og að venju tóku starfsmenn virkan þátt í *Náttúrubarnahátíð á Ströndum*.

Starfsfólk setursins sinnir margs konar aðstoð við fræðifólk og svarar fyrirspurnum, einkum um þjóðtrú, frá fjölmiðlum, almenningi og fagfólki í listum og fræðum. Afrakstur slíkrar vinnu má m.a. finna í bókinni *Woman, Captain, Rebel: The Extraordinary True Story of a Daring Icelandic Sea Captain* eftir bandaríska mannfræðinginn Margaret Willson sem kom út á árinu. Bókin fjallar um ævi og störf Þuríðar formanns, en Guðlaug aðstoðaði höfund við heimildaöflun, þýðingar og veitti ráðgjöf. Þá kom út bókinn *Forystuféð og fólkíð í landinu* þar sem finna má viðtal við Guðlaugu og texta eftir hana um forystufé. Ellefu pistlar eftir Eirík birtust á vefnum thjodtru.is og einn eftir Jón.

Gestafræðimenn nýttu einnig aðstoðu setursins. Dr. Matthias Egeler frá Ludwig-Maximilian háskólanum í München og Saskia Klose doktorsnemi voru við rannsóknir á örnefnum, menningarlandslagi og þjóðtrú vegna verkefnis um örnefni, þjóðtrú og sagnir á Vestfjörðum sem styrkt er af þýska rannsóknasjóðnum (DFG) og snýst um rannsóknir, kortlagningu og skrásetningu á þjóðsagnaarfi í nyrstu hreppum Stranda. Auk greina, bóka og ritgerða verður afraksturinn vefkort af þjóðsagnastöðum. Í heimsókn Rosu Thornley, þjóðfræðings og prófessors við Utah State University, voru lögð drög að samstarfsverkefni um fjárréttir og réttarmenningu á Íslandi.

Gott samstarf er milli setursins og námsbrautar í þjóðfræði og safnafræði við Háskóla Íslands. Jón Jónsson kenndi námskeiðið *Hagnýt þjóðfræði* á meistarastigi á árinu en starfsmenn tóku einnig þátt í gestakennslu í þjóðfræðinni, hagnýtri menningarmiðlun á Húgvísindasviði HÍ og hjá Háskólasetri Vestfjarða. Áki Guðni Karlsson, doktorsnemi í þjóðfræði við

HÍ, og Einar Skúlason meistaraneimi fengu tímabundið aðstoðu hjá setrinu til að vinna að verkefnum sínum. Dagrún Ósk Jónsdóttir þjóðfræðingur tók þátt í ýmsum miðlunarverkefnum með setrinu á árinu.

SKÝRSLUR

Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson (2023). *Héraðsskjalasafn fyrir Strandir?* Skýrsla gerð með styrk frá Sterkum Ströndum. Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – þjóðfræðistofa. [19 bls.]

Rakel Jónsdóttir (2023). *Landbúnaður og daglegt líf í dreifbýli 1950-2000. Fræðileg lokaskýrsla*. Skýrsla fyrir Nýsköpunarsjóð námsmanna. Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – þjóðfræðistofa. [29 bls.]

BÓKARKAFLAR OG FRÆDIGREINAR

Jón Jónsson (2023). Handskrifaða sveitablaðið Dalbúinn. *Kreddur – vefrit í þjóðfræði*, birt 20. nóvember.

Matthias Egeler (2023). Narrativ und pragmatische Nutzung des Raums: Zur Verknüpfung von Erzähltradition und Alltagswelt am Beispiel der Überlieferungen über den Gründungsheroen Steingrímur den Troll (Landnámabók S163=H132). Í Jan van Nahl; Wilhelm Heizmann (ritstj.): *Germanisches Altertum und Europäisches Mittelalter. Gedenkbände für Heinrich Beck*. (=Ergänzungsbände zum Reallexikon der Germanischen Altertumskunde 142), Berlin – Boston: de Gruyter, s. 101-126. (<https://doi.org/10.1515/9783110778335>).

Eiríkur Valdimarsson (2023). Frysti sumardaginn fyrsta? Af veðurathugunum fólks á sumardaginn fyrsta fyrr og nú. *Kreddur – vefrit í þjóðfræði*, 1. maí.

Dagrún Ósk Jónsdóttir og Jón Jónsson (2023). Sumardagurinn fyrsti fyrr og nú. *Kreddur – vefrit í þjóðfræði*, birt 27. apríl


Dagrún Ósk Jónsdóttir og Jón Jónsson (2023). Siðvenjur og hefðir um páska. Á þjóðtrúarvefnum thjodtru.is, birt 17. apríl

Matthias Egeler (feb.-mars 2023). Das Meer, die Angst, das Heilige. Í *mare* 156, s. 36-37.

FYRIRLESTRAR

Guðlaug G.I. Bergsveinsdóttir (2023). Gjörsamlega óþolandi kvikindi! Fyrirlestur um forystufé á jólamarkaði Handverksfélagsins Össu í Króksfjarðarнесi, 16. desember.

Dagrún Ósk Jónsdóttir og Jón Jónsson (2023). Gömlu íslensku jólafólin – fróðleikur og sögur fyrir fullorðna! Fyrirlestrar í Heimilisiðnaðarsafninu





á Blönduósi, 1. desember, í Minjasafninu á Akureyri, 2. desember og í Gránu, miðstöð lifandi tónlistar og menningar, á Sauðárkróki, 3. desember.

Jón Jónsson (2023). "Það er stuðlabergshóll og að ætlan manna álfakirkja." Fyrirlestur í málstofunni: Þjóðtrú og lífsviðhorf Íslendinga, á Þjóðarspeglinum XXIV í Háskóla Íslands, 3. nóvember.

Eiríkur Valdimarsson (2023). „Mér sýnist að ferðafötin fari yður bezt, kæra tengdamóðir!“ Tengdamæður sem menningarfyrrbærir. Fyrirlestur í málstofunni: Tilfinningalíf og tjáning í minningum, hefðum og sögum, á Þjóðarspeglinum XXIV í Háskóla Íslands, 3. nóvember.

Jón Jónsson (2023). Hugmyndin um Sumarlandið. Fyrirlestur í málstofunni Á mótum veralda, á Landsbyggðarráðstefnu Félags þjóðfræðinga á Íslandi, í Stykkishólmi, 30. september.

Eiríkur Valdimarsson (2023). Þraukað á þröskuldinum: Áhrif loftslagsbreytinga á hversdaginn. Fyrirlestur í málstofunni Á mótum veralda, á Landsbyggðarráðstefnu Félags þjóðfræðinga á Íslandi, í Stykkishólmi, 30. september.

Guðlaug G.I. Bergsveinsdóttir (2023). Ófgar í umræðum: Af skógum og skaðræðiskvikindum. Fyrirlestur í málstofunni Á mótum tegunda, á Landsbyggðarráðstefnu Félags þjóðfræðinga á Íslandi, í Stykkishólmi, 30. september.

Matthias Egeler (2023). Tröll. Vísindakaffi Rannís: Ævintýri á gönguför: Þjóðsagnaslóðir á Norður-Ströndum. Á Sauðfjársetrinu í Sævangi, 28. september.

Jón Jónsson (2023). Útilegumannabæli í Bjarnarfirði. Vísindakaffi Rannís: Ævintýri á gönguför: Þjóðsagnaslóðir á Norður-Ströndum. Á Sauðfjársetrinu í Sævangi, 28. september.

Saskia Klose (2023). Draugasögur. Vísindakaffi Rannís. Ævintýri á gönguför: Þjóðsagnaslóðir á Norður-Ströndum. Á Sauðfjársetrinu í Sævangi, 28. september.

Jón Jónsson (2023). "Mér er sama hvar ég lendi ..." Áfangastaðir eftir andlátíð. Á þjóðtrúarkvöldvökunni: Kynngimagnaðar sögur og kraftmiklir staðir, í Sævangi, 9. september.

Eiríkur Valdimarsson (2023). Þegar englar dauðans heimsóttu Skinþúfu. Á þjóðtrúarkvöldvökunni: Kynngimagnaðar sögur og kraftmiklir staðir, í Sævangi, 9. september.

Saskia Klose (2023). Á reiðhjól í Árneshreppi: Sögur og staðir. Á þjóðtrúarkvöldvökunni: Kynngimagnaðar sögur og kraftmiklir staðir, í Sævangi, 9. september.

Jón Jónsson (2023). Rótað í framtíðinni: Setur og sýningar, ferðaþjónusta og fræði. Á Íbúafundi um stofnun Fjöruseturs á Barðaströnd, á vegum Vestfjarðastofu, Birkimel 22. ágúst.

Jón Jónsson (2023). Vestfirskar bjarnýrasögur. Á Vestfirska fornminjadeginum, í skála Hallvarðar súganda að Botni í Súgandafirði, 12. ágúst.

Jón Jónsson (2023). Rithöfundurinn Guðrún frá Lundi. Erindi við opnun sumarsýningarinnar Kona á skjön: Ævi og störf Guðrúnar frá Lundi, á fæðingardeggi Guðrúnar, 3. júní.

Jón Jónsson (2023). Sögur af sérkennilegu fólki. Erindi á Aðalfundi Sögufélags Húnavtinga, í Ósbæ á Blönduósi, 24. maí.

Jón Jónsson (2023). Kynjaverur og skrímsli. Erindi á Ráðstefnu um sækskrímsli, Skrímslasetrinu á Bíldudal, 13. maí.

Jón Jónsson (2023). Táknmyndir á villigötum: Ímynd svæða og sjálfsmýnd íbúa. Erindi á Ársfundi Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands, Hótel Valaskjál á Egilsstöðum 17. mars.






STOFNUN RANNSÓKNASETRA HÁSKÓLA ÍSLANDS

Markmið Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands er m.a. að stuðla að rannsóknum, menntun og leiðbeiningu framhaldsnema víða um land og vera vettvangur samstarfsverkefna háskólans við nærumhverfi og nærsamfélög setranna. Með þeim hætti leggja rannsóknasetrin af mörkum við að efla

tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf. Viðfangsefni rannsóknasetranna eru afar fjölbreytt en á meðal þeirra eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, hvalir, hreindýr, fiskar og fuglar, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði, fornleifafræði og þjóðfræði.

STARFSSTÖÐVAR STOFNUNAR RANNSÓKNASETRA HÁSKÓLA ÍSLANDS





RANNSÓKNASETUR HÍ Á NORÐURLANDI VESTRA


Rannsóknasetur HÍ á Norðurlandi vestra er með tvær starfsstöðvar. Önnur er til húsa í gamla Kaupfélagshúsinu á Skagaströnd og tók þar formlega til starfa árið 2010 en á árinu 2023 var opnuð starfsstöð setursins að Höfðabraut 6 á Hvammstanga þar sem setrið deilir skrifstofu- húsnaði með Hafrannsóknastofnun, Náttúrustofu Norðurlands vestra, Háskólanum á Hólum og fleirum. Í húsakynnum setursins á Skagaströnd er bókasafn Halldórs Bjarnasonar til húsa en það er rannsóknarbókasafn á sviði sagnfræði og skyldra greina. Þar er boðið upp á vinnuáætlun sem meðal annars er nýtt í samvinnu við ljósmyndasafn sveitarfélagsins og listamiðstöðina Nes. Við setrið eru stundaðar rannsóknir í sagnfræði. Forstöðumaður setursins er dr. Vilhelm Vilhelmsson sagnfræðingur en auk hans störfuðu tveir sagnfræðingar við setrið á árinu, Harpa Rún Ásmundsdóttir í starfi verkefnisstjóra og Ása Ester Sigurðardóttir í starfi sérfræðings.

Vinna við verkefnið „Gagnagrunnur sáttanefndabóka 1798–1936“ hélt áfram á árinu, en fyrirhuguð verklok eru í júní 2024. Um er að ræða fimm ára verkefni sem unnið er í samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga og felst í að koma varðveittum sáttabókum frá tímabilinu á veflægt form ásamt því að efnisskrá bækurnar og útbúa leitarbæran gagnagrunn um innihald þeirra. Verkefnið er fjármagnað að stærstum hluta með veglegum styrk úr sjóði tengdum stefnumótandi byggðaáætlun samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins en það hefur einnig hlotið styrki úr öðrum sjóðum, þar á meðal þrjá styrki úr Innviða-

sjóði. Harpa Rún og Ása Ester vinna báðar við þetta verkefni en Harpa var í fæðingarorlofi frá lokum maí og út nóvember. Skráningu allra varðveitttra sáttabóka lauk á árinu og nú stendur yfir vinna við skýrslugerð, gátun og samræmingu.

Vilhelm á aðild að alþjóðlega verkefninu Worlds of Related Coercions in Work (WORCK) sem hlaut árið 2019 veglegan COST Action styrk til fimm ára. Vilhelm situr í miðstjórn verkefnisins og leiðir einn af vinnuhópum þess. Verkefninu er ætlað að skapa öflugt tengslanet fræðimanna sem rannsaka þvingaða atvinnu í sögulegu samhengi. Vilhelm tók þátt í vinnufundum og ráðstefnum á vegum verkefnisins í Madrid á Spáni vorið 2023 og í Prag í Tékklandi um haustið. Í tengslum við WORCK kom út fjöldi greina og bóka á árinu 2023 en verkefninu lýkur formlega í apríl 2024.

Vilhelm kenndi námskeiðið *Heimur vistarbandsins* við námsbraut í sagnfræði á haustmíssi 2023. Námskeiðið byggði á áralöngum rannsóknnum Vilhelms á félags- og menningarsögu atvinnuhátta á Íslandi á átjándu og níjtjándu öld. Árið 2023 var uppskeruár hjá Vilhelm en út komu alls átta greinar og bókarkafnar auk einnar bókar sem hann ritstýrði ásamt fleirum. Vilhelm er ritstjóri *Sögu*, sem er fremsta fagttímarit sagnfræðinga á Íslandi og kemur út tvisvar á ári. Hann var einnig gestaritstjóri þemaheftis hjá *Scandinavian Journal of History*. Ása Ester Sigurðardóttir er varaformaður Sagnfræðingfélags Íslands; hún birti eina fræðigreina á árinu auk annarra skrifa.



BÆKUR

Moving Workers: Historical Perspectives on Labour, Coercion and Im/Mobilities. Ritstj. Claudia Bernardi, Viola F. Müller, Biljana Stojić og Vilhelm Vilhelmsson. Berlin: De Gruyter, 2023. 267 bls.

GREINAR OG BÓKARKAFLAR


- Nina Trige Andersen, Ragnheiður Kristjánsdóttir, Silke Neunsinger, Pete Pesonen, Vilhelm Vilhelmsson og Hanne Østhus, „Longer, broader, deeper and more personal - the renewal of labour history in the Nordic countries,” *Scandinavian Economic History Review*, <https://doi.org/10.1080/03585522.2023.2193193>
- Ása Ester Sigurðardóttir, „Frelsi, fagnaðarefni og hættuspil. Getnaðarvarnarpillan á Íslandi 1960–1980,” *Saga* LXI:1 (2023): 79–105.
- Ása Ester Sigurðardóttir, „Við viljum ekki láta Pétur eða Pál ráða yfir líkama okkar og örlögum.” *Stutt hugvekja um þungunarrof*, *Saga* LXI:1 (2023): 7–11.
- Ása Ester Sigurðardóttir, „Rýni: Reykjavík ... Sagan heldur áfram,” *Safna-blaðið Kvistur* 10 (2023): 20–22.
- Claudia Bernardi, Viola Franziska Müller, Vilhelm Vilhelmsson and Biljana Stojić, „Introduction: Moving Workers in History,” í *Moving Workers: Historical Perspectives on Labour, Coercion, and Im/mobilities*, ritstj. Claudia Bernardi, Viola F. Müller, Biljana Stojić og Vilhelm Vilhelmsson (Berlin: De Gruyter, 2023), 1–13.
- Johan Heinsen, Vilhelm Vilhelmsson og Hanne Østhus, „Labour and Coercion in the Nordic Region in the Early Modern Period: Connections, Ambiguities, Practices,” *Scandinavian Journal of History* 48, nr. 5 (2023): 551–571.
- Vilhelm Vilhelmsson, „The Moral Economy of Compulsory Service: Labour Regulations in Law and Practice in Nineteenth Century Iceland,” í *Labour Laws in Preindustrial Europe: The Coercion and Regulation of Wage Labour, c. 1350-1850*, ritstj. Thijs Lambrecht og Jane Whittle (Woodbridge: Boydell & Brewer, 2023), 227–245.
- Vilhelm Vilhelmsson, „Acculturation on their Own Terms: The Social Networks of Political Radicals among Icelandic Immigrants in Canada in the Early Twentieth Century,” í *Icelandic Heritage in North America*, ritstj. Birna Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson og Úlfar Bragason (Winnipeg: University of Manitoba Press, 2023), 69–88.
- Vilhelm Vilhelmsson, „Contested Households: Lodgers, Labour, and the Law in Rural Iceland in the Early 19th Century,” *Scandinavian Journal of History* 48, nr. 5 (2023): 572–592.
- Vilhelm Vilhelmsson og Emil Gunnlaugsson, „Passports, permits, and labour im/mobility in Iceland, 1780s–1860s,” í *Moving Workers: Historical Perspectives on Labour, Coercion, and Im/mobilities*, ritstj. Claudia Bernardi, Viola F. Müller, Biljana Stojić og Vilhelm Vilhelmsson (Berlin: De Gruyter, 2023), 87–111.
- Vilhelm Vilhelmsson og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, „Andmæli við doktorsvörn Dalrúnar K. Eygerðardóttur,” *Saga* LXI:1 (2023): 203–215.

SKÝRSLUR

- Ása Ester Sigurðardóttir, „Sáttanefndir og störf þeirra í Árnessýslu 1798–1936.” Áfangaskýrsla í verkefninu Gagnagrunnur sáttanefndabóka, febrúar 2023. Umsjón: Vilhelm Vilhelmsson
- Ása Ester Sigurðardóttir, „Sáttanefndir og störf þeirra í Barðastrandarsýslu 1798–1936.” Áfangaskýrsla í verkefninu Gagnagrunnur sáttanefndabóka, október 2023. Umsjón: Vilhelm Vilhelmsson
- Ása Ester Sigurðardóttir, „Sáttanefndir og störf þeirra í Borgarfjarðarsýslu 1798–1936.” Áfangaskýrsla í verkefninu Gagnagrunnur sáttanefndabóka, maí 2023. Umsjón: Vilhelm Vilhelmsson
- Ása Ester Sigurðardóttir, „Sáttanefndir og störf þeirra í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 1798–1936.” Áfangaskýrsla í verkefninu Gagnagrunnur sáttanefndabóka, september 2023. Umsjón: Vilhelm Vilhelmsson
- Harpa Rún Ásmundsdóttir, „Sáttanefndir og störf þeirra í Vestmannaeyjum 1798–1936.” Áfangaskýrsla í verkefninu Gagnagrunnur sáttanefndabóka, febrúar 2023. Umsjón: Vilhelm Vilhelmsson
- Harpa Rún Ásmundsdóttir og Ása Ester Sigurðardóttir, „Sáttanefndir og störf þeirra í Dalasýslu 1798–1936.” Áfangaskýrsla í verkefninu Gagnagrunnur sáttanefndabóka, apríl 2023. Umsjón: Vilhelm Vilhelmsson
- Harpa Rún Ásmundsdóttir og Ása Ester Sigurðardóttir, „Sáttanefndir og störf þeirra í Mýrarsýslu 1798–1936.” Áfangaskýrsla í verkefninu Gagnagrunnur sáttanefndabóka, mars 2023. Umsjón: Vilhelm Vilhelmsson

FYRIRLESTRAR

- Vilhelm Vilhelmsson, „Nýir straumar í vinnusögu”. Málstofa í félags- og hagsögu. Háskóla Íslands. 17. janúar 2023.
- Vilhelm Vilhelmsson, „Strategies of Exit: Absconding from Service in Nineteenth-century Iceland”, í málstofunni Disputed Endings: How Labour Relations were Terminated in Pre-Industrial Europe á ráðstefnunni European Social Science History Conference, Gautaborg (Svíþjóð), 12. apríl 2023
- Johan Heinsen, Vilhelm Vilhelmsson, Müge Özbek, Aigi Rahi-Tamm, Akin Sefer, Nayan Jyoti Kalita og Viola Müller, „Roundtable: Coercive Archives – Labour Coercion in the Courtroom and Its Afterlives.” Pallborðsumræður á ráðstefnunni WORCK Conference 3: Historicising Coercive Social Processes í Prag, 5-7. september 2023.
- Bent Gravesen, Silke Neunsinger, Ole Martin Rønning, Sami Suodonjoki, Nina Trige Andersen, Vilhelm Vilhelmsson og Alpo Väkevä, „NLHN Roundtable: Past, Present and Future of Nordic Labour History Journals.” Stafraenar pallborðsumræður í stafraenni fyrirlestraröð Nordic Labour History Network, 24. október 2023.
- Vilhelm Vilhelmsson, „Sjálfsþurftarhlunnindi eða markaðsvara? Selveiðar á Íslandi í sögulegu samhengi.” Fyrirlestur í málstofunni Hvalveiðar, selveiðar og dýravernd á ráðstefnunni Þjóðarspeggillinn: Rannsóknir í félagsvísindum við Háskóla Íslands dagana 2-3. nóvember 2023.
- Vilhelm Vilhelmsson, „Selveiðar við Húnaflóa á fyrri tíð.” Fyrirlestur á Byggðasafni Húnavetninga og Strandamanna 15. desember 2023.





RANNSÓKNASETUR HÍ Á HÚSAVÍK


Við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík eru einkum stundaðar rannsóknir á sjávarspendýrum. Forstöðumaður setursins er dr. Marianne Helene Rasmussen, líffræðingur og sérfræðingur í sjávarspendýrum og hefur hún gegnt stöðunni frá því rannsóknasetrið var stofnað árið 2007. Auk Marianne voru tveir starfsmenn í hlutastörfum við setrið allt árið. Egill Aðalgeir Bjarnason í starfi skipstjóra, auk þess að sinna öðrum fjölbreyttum verkefnum sem til falla við setrið, og dr. Charla Basran sem nýdoktor. Einnig voru þrír doktorsnemar starfandi við setrið.

Doktorsneminn Tatiana Marchon rannsakar hljóðmerki hjá háhyrningum og kannar m.a. hvort greina meggi áhrif vistfræðilegra og félagslegra þátta eða annarra umhverfisþátta á hljóðmerkjamál hópa. Hún hefur skoðað hvort greina meggi sérhæfðan táknerfa meðal hópa háhyrninga hér við land en úr niðurstöðum sem þegar liggja fyrir má lesa vísbendingar um að kerfi hljóðmerkja mismunandi hópa háhyrninga við Ísland séu ekki eins.

Tatiana hlaut á árinu styrk úr Minningarsjóði Aðalsteins Kristjánssonar en Rannís styrkir doktorsrannsókn hennar; verkefnið nefnist *Visfræðilegir og félagslegir drifkraftar í hljóðrænum samskiptum háhyrninga (Orcinus orca)*.

Doktorsverkefni Mariu Glarou nefnist *Life in a cold-water environment: allometric adaptations of cetaceans in Skjálfandi Bay, Iceland* og miðar m.a. að því að kanna tengsl stærðar við aðlögunarhæfni mismunandi tegunda að umhverfisþáttum í hafinu eins og kulda. Rannsóknin beinist einkum að hnísu, blettahnýði, hrefnu, hnúfubak og steypireyði. Maria nýtir drónamyndir til að meta stærð einstakra dýra og hefur rannsókn hennar skilað einstöku myndefni af ólíkum hvalategundum í Skjálfandaflóa. Maria er með styrk úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands.

Í september hóf Belen Garcia Ovide störf sem doktorsnemi í sam-evrópska rannsóknarverkefninu eWhale. Samstarfsverkefnið eWhale hlaut styrk til þriggja ára úr sjóðnum Biodiversa+ sem framkvæmdastjórn






Evrópusambandsins setti á laggirnar í tengslum við stefnu ESB um líf-
fræðilegan fjölbreytileika. Verkefnið nýtir nýjustu tækni í sameindalíffræði
og erfðafræði til að greina umhverfis-DNA úr hvöllum og skýrar á milli
hvalategunda, fjölskylduhópa og jafnvel einstaklinga innan fjölskyldna en
markmið rannsóknarinnar er m.a. að bæta aðferðir til að fylgjast með og
meta afkomu hvalastofna í Atlantshafi. Sýnataka fer m.a. fram í hvalaskoð-
unarferðum Norðursiglingar en einn þáttur verkefnisins snýr að því að
virkja almenning. Upplýsingar um verkefnið eru aðgengilegar á vefsíðunni
ewhale.org.

Vinna hélt áfram við Arctic Sense, sem styrkt er af Nordplus og miðar
að gerð kennsluefnis fyrir börn með aðstoð sýndarveruleika. Auk Hvala-

safnsins á Húsavík og safna í Danmörku og Noregi taka skólar á Húsavík,
í Danmörku og Noregi þátt í verkefninu. Kennsluefnið sem þróað hefur
verið var prufukeyrt hjá dönsku samstarfsaðilunum á árinu.

Búnaði til að safna hljóðupptökum neðansjárvar var komið fyrir í norðan-
verðum Skjálfanda um vorið vegna rannsókna á hljóðmerkjum langreyða og
steypireyða. Þá var hljóðmerkjum safnað í flóanum um sumarið í tengslum
við ýmis rannsóknaverkefni á vegum setursins og nemendaverkefni.

Vettvangsnámskeiðið Studying Marine Mammals in the Wild var haldið
á Húsavík í samstarfi við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands í
júní en það hefur lengi verið fastur liður í starfsemi setursins. Að þessu
sinni sóttu 20 nemendur frá 10 þjóðlöndum námskeiðið.



Marianne Rasmussen var meðleiðbeinandi fjögurra doktorsnema við HÍ og níu meistaranema sem stunda nám sitt við háskóla í Danmörku, Þýskalandi, Hollandi og Belgíu, auk Háskólaseturs Vestfjarða. Hún leiðbeindi einnig tveimur BS-nemum frá Hollandi. Charla Basran var meðleiðbeinandi fjögurra meistaranemanna, en auk þess leiðbeindi hún tveimur í meistaranámi við Háskólasetur Vestfjarða og tveimur BS-nemendum frá Svíþjóð og Ítalíu. Charla hlaut á árinu styrk frá PADI Foundation í Bandaríkjunum til kaupa á búnaði sem verður nýttur til rannsókna á hnúfubak.

Að venju vann fjöldi erlendra nemenda að fjölbreyttum verkefnum við setrið árið 2023. Í flestum tilvikum var um að ræða verklegan hluta náms þeirra við erlenda háskóla. Nemarnir dvöldu á Húsavík nokkra mánuði í senn og höfðu aðstöðu í húsnaði á vegum setursins.

Setrið hefur umsjón með og sér um rekstur á bátum Arcpath sem er í eigu Háskóla Íslands og nýtist afar vel við kennslu og ýmis rannsóknaverkefni á vegum setursins. Rannsóknasetrið á Húsavík á gott samstarf við sveitarfélagið Norðurþing eins og staðfest hefur verið með samningi milli aðila.

Samstarf við Hvalasafnið á Húsavík var náið eins og lengi hefur verið. Á árinu unnu stofnanirnar m.a. að greiningu ljósmynda sem nemendur, starfsnemar og sjálfböðaliðar tóku í siglingum hvalaskoðunarbáta frá Húsavík.

RITASKRÁ

Bacon, C, Hart, KA, Cheeseman, T, Munson, L, Rasmussen, MH, Chosson, V and Basran, CJ (2023). First documented humpback whale photo-identification match and round-trip migration between Iceland and the Turks and Caicos Islands. *J. Cetacean Res. Manage.* 24: 161-168

Basran, CJ, Chosson, V, Williams, A, Simson, N, Long, SA, Dodds, F, Rasmussen, MH and Horrocks, JA (2023). First documented migration of an Icelandic humpback whale mother and calf pair from the West Indies breeding grounds. *J. Cetacean Res. Manage.* 24: 205-208.

Laute, A, Glarou, M, Dodds, F, Rösand, SCG, Grove, TJ, Stoller, A, Rasmussen, MH and Fournet, MEH (2023). Underwater sound of three unoccupied aerial vehicles at varying altitudes and horizontal distances. *JASA* 153, 3419-3427

Lechwar, A, Rasmussen, M, Basran, CJ and Collins, S (2023). Habitat preference and trend in relative abundance of common minke whales

(*Balaenoptera acutorostrata*) in Skjálfandi Bay, Iceland. *J. Cetacean Res. Manage.* 24:29-46

Liyana USP, Kirumbara, Kumara, PBT Pradeep¹, Amarasinghe, US, Kanapathipillei, A, Rasmussen, MH (2023). Seasonal occurrence of the Indian ocean blue whale (*Balaenoptera musculus indica*) off south coast of Sri Lanka. *Journal of marine Science and Engineering* 11: 1-15

Patton, PT, Cheeseman, T, Abe, K, Yamaguchi, T, Reade, W, Southerland, K, Howard, A Oleson, EM, Allen, JB, Ashe, E, Athayde, A, Baird, RW, Basran, CJ, Cabrera, E, Calambokidis, J, Cardoso, J, Carroll, EL, Cesario, A, Cheney, BJ, Corsi, E, Currie, J, Durban, JW, Falcone, EA, Fearnbach, H, Flynn, K, Franklin, T, Franklin, W, Verazzani, BG, Genov, T, Hill, M, Johnston, DR, Keene, EL, Mahaffy, SD, McGuire, TL, McPherson, L, Meyer, C, Michaud, R, Miliou, A, Orbach, DN, Pearson, HC, Rasmussen, MH, Rayment, WJ, Rinaldi, C, Rinaldi, R, Siciliano, S, Stack, S, Tintore, B, Torres, LG, Towers, JR, Trotter, C, Moore, RT, Weir, CR, Wellard, R, Wells, R, Yano, KM, Zaeschmar, JR, Bejder, L (2023). A deep learning approach to photo-identification demonstrates high performance on two dozen cetacean species. *Methods in Ecology and Evolution*

Rasmussen, MH (2023). Erfaringer med hvalsafari fra Island. *Habitat* 26: 30-39.

Smith, A, Fischer-McMorrow, I, Kolbeinsson, Y, Rasmussen, M, Shero, MR, McElwaine JN, Jones OR, Mooney TA (2023). Sensitive aerial hearing within a noisy nesting soundscape in a deep-diving seabird, the common murre *Uria aalge*. *Mar. Ecol. Prog. Ser. Vol 714: 87-104*

Smith, A, Kissling, Rasmussen, M, Kolbeinsson, Y, Capuano, A, McMorrow, IF, Lewis, S, Shero, MR, and Mooney, A (2023) Acoustic Sensory Ecology of Diving Alcid Seabirds and Potential Noise Impacts. In : A. N. Popper et al. (eds.), *The Effects of Noise on Aquatic Life*, Springer-Verlag

Wahlberg, M Amundin, M, Anderson Hansen, K, Hechmann Andersen, S, Blanchet, M-A, Brando, S, Buhl, AB, Desportes, G, Hansen, SF, Lockyer, C, Miller, LA, Rasmussen, M, Siebert, U and Thybo, M (2023). Historical Perspectives Purposeful Porpoise Training at Fjord&Bælt: The First 25 Years. *Aquatic Mammals* 2023, 49(1), 104-116 DOI 10.1578/AM.49.1.2023.104

KYNNINGAR/ERINDI

Bacon, C, Hart, KA, Cheeseman, T, Munson, L, Rasmussen, MH, Chosson, V and Basran, CJ (2023). First documented humpback whale photo-identification match and round-trip migration between Iceland and the Turks and Caicos Islands. 3rd Humpback Whales World Congress, Dominican Republic

Basran, CJ and Rasmussen, M (2023). Long-term data collection on Cetaceans in Skjálfandi Bay, Northeast Iceland in collaboration with whale watching tourism. Online talk, ASSW, Vienna, Austria

Marchon TMJ, Rasmussen MH, Basran CJ, Whittaker M, Bertulli CG, Harlow C, Lott R, Boisseau O, Gendron F, Guo L, Hudson T, Jónsson H, Kershaw A, Kinni J, Lionnt LAMG, Louis M, Messina M, Michel H, Neubarth BK, Ovide BG, Podt AE, Rempel JN, Ryan C, Savage E, Scott J, Smit R, Verdaat H, Vignisson SR, Samarra FIP (2023) Animal Behaviour Live Conference – ABL2023, online presentation.

Pisco MGRL, Maas D, Rasmussen, MH, van Aalderink E, Basran CJ (2023) Close encounters of the twisted kind: Implications of non-lethal entanglement and parasite load on Icelandic minke whales using scar-based analysis. 34th Conference of the European Cetacean Society, 18-20 April 2023. Galicia, Spain.

Rasmussen, MH (2023). E-whale. 8th Húsavík Whale Congress, Húsavík Whale Museum, Iceland

Ruppert, S, Glarou, S, Rasmussen, M, Gerlach, G and Christiansen, F (2023). Effect of body size on respiration rates, swim speed, and nursing duration of white-beaked dolphin calves in Skjálfandi Bay, Iceland. Speed talk, ECS conference, O Grove, Spain

VEGGSPJÖLD / POSTERS

Basran, C.J., and Rasmussen, M.H. (2023) The benefits of long-term data collection on cetaceans in Skjálfandi Bay, Northeast Iceland in collaboration with whale watching. 34th Conference of the European Cetacean Society, 18-20 April 2023. Galicia, Spain.

Lawler, M, Rasmussen, M, Randhawa, H and Granquist, SM (2023). Vocal communication among harbor seals (*Phoca vitulina*). Poster, Reykjavík, Iceland





RANNSÓKNASETUR HÍ Á AUSTURLANDI

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi er á Egilsstöðum. Dr. Unnur Birna Karlsdóttir sagnfræðingur er forstöðumaður setursins og eini starfsmaðurinn í fastri stöðu. Við setrið eru einkum stundaðar rannsóknir sem miða að því að auka þekkingu á sögu samfélags og náttúru Austurlands, en markmið starfseminnar eru einnig að stuðla að rannsóknum á svæðinu ásamt því að efla samstarf Háskóla Íslands við menningarstofnanir, vísindamenn og fræðafélög á Austurlandi og vinna að sérfræðiverkefnum eins og tilefni og kostur er. Rannveig Þórhallsdóttir fornleiffræðingur gegndi starfi verkefnisstjóra í hlutastarfi níu mánuði ársins.

Unnur vann að ýmsum verkefnum á árinu sem spönnuðu fjölbreytt svið, allt frá hugmynda- og umhverfissögulegum viðfangsefnum á borð við dýravernd, laxeldi í sjó og náttúruferðamennsku til verkalýðshreyfinga og sögu kvenna í verkalýðsbaráttu á Austurlandi. Meðal annarra viðfangsefna Unnar voru rannsókn á sögu tveggja áhugamannafélaga á Fljótsdals-

héraði, Náttúruverndarsamtakanna (NAUST) og Ferðafélagsins (FFF) og áhrifum slíkra samtaka á hugarfar, félagsmenningu og umhverfis- og náttúruvernd. Einnig lauk hún við ritun greinar um sérstakan einfara í sögu vísindanna, þýska jarðfræðinginn Emmy M. Todtmann sem stundaði rannsóknir á afskekktum slóðum við rætur skriðjökla Vatnajökuls á sl. öld. Þá var lokið við samstarfsverkefni sem setrið hefur unnið að frá árinu 2021 í félagi við Þjóðskjalasafn Íslands og með styrk úr Rannsóknasjóði HÍ. Samstarfið fólst í gagnaöflun og gerð gagnasafns fyrir rannsókn sem Unnur vinnur að undir yfirskriftinni „Glæpur og refsing í Múlaþingi á 18.-19. öld.“ Framundan er frekari úrvinnsla gagnanna og miðlun niðurstaðna í formi fyrirlestra og fræðigreinar. Frá 2021 hefur Unnur verið ritstjóri Múlaþings: Byggðasögur Austfirðinga.

Rannveig Þórhallsdóttir, doktorsnemi í fornleiffræði við Háskóla Íslands, hefur gegnt tímabundnu hlutastarfi verkefnisstjóra við rannsókn-





setrið síðan í janúar 2022. Doktorsrannsókn Rannveigar, *Árþúsund við Atlantshaf*, miðaði vel áfram á árinu. Rannsóknarefnið er lífsskilyrði og auðlindir og því tengt skoðar Rannveig forn-DNA úr leifum plantna og dýra sem finnast í fornleifarannsóknum sem hún hefur undanfarið ári tekið þátt í á Skálanesi og í Firði í Seyðisfirði. Rannveig fékk um tíma aðstoðu til að sinna greiningum við rannsóknarstofur Earlham College í Richmond, Indiana í Bandaríkjunum. Hún kynnti rannsóknir sínar á námskeiði fyrir doktorsnema í Aþenu, sem og á ráðstefnum, málþingum og viðburðum héraðs.

Tveir meistaranemar fengu aðstoðu hjá rannsóknasetrinu. Indriði Skarphéðinsson vinnur að ritun meistararitgerðar sinnar í fornleifafraeði við Háskólann í Lundi í Svíþjóð. Bauke van der Kooij, nemandi við félagsvísindadeild Háskólans í Groningen í Hollandi, var í starfsnáms- og rannsóknardvöl við rannsóknasetrið frá mars til maí. Verkefni hans er samfimarannsókn og ber yfyrskriftina „Labour and Social Cohesion in East-Iceland“ og felst í samanburðarrannsókn á atvinnuvegum, atvinnutækifærum og búsetuþróun í þremur þéttbýlisstöðum á Austurlandi, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði og Vopnafirði.

Rannsóknasetrið hlaut á árinu styrk úr Samfélagssjóði Háskóla Íslands til að standa fyrir viðburðum um rannsóknir sem tengjast Austurlandi með einum eða öðrum hætti. Í kjölfarið eru í undirbúningi ýmis verkefni og þrjár til fjórar þverfræðilegar ráðstefnur sem haldnar verða á Austurlandi árið 2024 á vegum setursins í samvinnu við vísindafólk, heimamenn, söfn og ýmsar stofnanir og fyrirtæki. Viðburðirnir verða teknir upp og gerðir aðgengilegir á vef setursins.

Af fjölbreyttum samstarfsverkefnum setursins má nefna Nýsköpunarsjóðsverkefnið „Búsetuminjar í Fljótsdal“ sem eru undir stjórn Gunnarsstofnunar og í samvinnu við rannsóknasetrið og fleiri aðila á svæðinu. Þá tekur setrið þátt í undirbúningi vettvangsnáms í fornleifafraeði á Austurlandi í tengslum við uppgröftinn í Seyðisfirði.

Fyrirlestrahald setti svip á starfseminu á árinu og héldu Unnur og Rannveig fjölda fyrirlestra á fjölbreyttum vettvangi á árinu. Unnur gekkst fyrir málstofunni *Austurland – efniviður rannsókna* á Hugvísindapingi í mars 2023 þar sem hún fékk til liðs við sig fjölbreyttan hóp fræðimanna til að fjalla um rannsóknir sem allar fjalla um málefni er tengjast Austurlandi á ýmsum tímabilum. Í fyrirlestri sínum á þinginu fjallaði Unnur um afbrotsögu, glæp og refsingu í Múlasýslum á 18. öld en Rannveig sagði frá





Því sem lesa má úr rannsóknum hennar í Seyðisfirði um lífsskilyrði þar til forna. Unnur tók þátt í málstofu um dýravernd á Þjóðarspeglinum, ráðstefnu Félagsvísindasviðs HÍ, og fjallaði erindi hennar m.a. um þróun hugmyndafræði og löggjafar um dýravernd á Íslandi. Þá hélt Unnur erindið *Rödd sem skipti máli. Rauðsokkahreyfingin og lagasetning um þungunarrof 1975 á málþinginu „Á rauðum sokkum í hálföld. Málþing um Rauðsokkahreyfinguna“* sem RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands og Kvennasögusafn á Landsbókasafni stóðu fyrir. Unnur fjallaði um rannsóknaleiðangra dr. Emmy M. Todtmann á fræðslukvöldi Jökjarannsóknafélags Íslands og var boðið að halda gestafyrirlestur við Háskólann á Vancouver-eyju í Kanada en yfirskrift hans var „Women leading the Way ... Women and environmentalism in Iceland.“



Unnur forstöðumaður setursins skipulagði í samstarfi við Gunnarsstofnun, Hallormsstaðaskóla, Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Minjasafn Austurlands og Sögufélag Austurlands fyrirlestraröðina „Nýjustu fræði og vísindi á Austurlandi“ sem hófst árið 2022 og lauk 2023 með þremur fyrirlesturum. Hrafnkatla Eiríksdóttir sníkjudýrafræðingur og þjóðfræðingur fjallaði í febrúar um „Óhefðbundnar lækningar í sauðfjárrækt fyrr og nú“; Sigurður Högni Sigurðsson sagnfræðingur í apríl um „Tengslanet alþýðunnar: Rannsókn á ættar- og vináttutengslum í samfélagi austfirskra bænda á ofanverðri átjándu öld“ en síðasta erindið hélt Guðrún Óskarsdóttir gróðurvistfræðingur í maí og nefndist það „Gróðurframvinda í lúpinubreiðum á Austurlandi“. Fyrirlestraröðin mæltist vel fyrir og voru viðburðirnir vel sóttir.

Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands var haldinn á Austurlandi, á Hótel Valaskjálfi á Egilsstöðum 17. mars. Á dagskrá voru fjölbreyttir og forvitnilegir fyrirlestrar á rannsóknasetrunum. Fundinum lauk með pallborðsumræðum með þátttöku Björns Ingimarssonar, bæjarstjóra Múlaþings, Jónu Árnýjar Þórðardóttur, framkvæmdastjóra Austurbúar, Kristínar Ágústsdóttur, forstöðumanns Náttúrustofu Austurlands og Guðmundar Hálfðanarsonar, formanns ráðgefandi nefndar Stofnunar rannsóknasetra HÍ. Fundurinn var einkar vel sóttur og mæltist vel fyrir. Í tengslum við ársfundinn var starfsmannafundur rannsóknasetranna haldinn hjá Rannsóknasetri HÍ á Breiðdalsvík í fallegu veðri.

RITASKRÁ

Unnur B. Karlsdóttir, „Menn og málleysingjar. Upphaf dýraverndarstefnu á Íslandi“, *Saga: Tímarit Sögufélags* LXI:I (2023), bls. 106–133.

Unnur B. Karlsdóttir, „Hún helgaði jökklunum líf sitt. Íslandsleiðangrar Emmy Mercedes Todtmann“, *Fléttur* VI, Reykjavík: Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands (RIKK) og Háskólaútgáfan, 2023, bls. 69–96.



FYRIRLESTRAR

Rannveig Þórhallsdóttir, „A Millennium by the Atlantic Ocean: Exploring Viking Settlements in East-Iceland via Archaeology and Ancient DNA.“. Fyrirlestur fyrir nema í landprógrammi Lunga lýðháskólans á Seyðisfirði 23. janúar.

Rannveig Þórhallsdóttir, „Hvað leynist í moldinni? – Árbúsund við Atlantshaf“, erindi flutt á Hugvísindabíngi Háskóla Íslands 10. mars. Rannsóknin var einnig kynnt undir sömu yfirskrift á Ársfundi Rannsóknasetra HÍ í Valaskjálfi, á Egilsstöðum 17. mars og í Herðubreið á Seyðisfirði 15. júní á viðburði sem bar yfirskriftina: Fyrirlestrar um fornleifarannsóknina í Firði.

Rannveig Þórhallsdóttir, „Archaeology of Seyðisfjörður“. Fjallað um „fjallkonuna í Vestdal“, uppgroftinn í Firði 2020-2023 og yfirstandandi doktorsrannsókn „Árbúsund við Atlantshaf“. Flutt um borð í ísbrjóti *National Geographic* (Lindblad Expeditions) dagana 9., 18. og 27. júlí.

Rannveig Þórhallsdóttir, fyrirlestur um fyrstu niðurstöður rannsókna á fornDNA plöntugreiningum úr Firði, á námskeiði doktorsnema DIALPAST í Aþenu, Grikklandi 29. nóvember í Norwegian Institute of Athens.

Unnur B. Karlsdóttir, „Kona á ferð á austuröræfum. Um rannsóknaleiðangra dr. Emmy M. Todtmann norðan Vatnajökuls“. Fyrirlestur fluttur á Fræðslukvöldi JÖRFÍ á Bryggjunni í Reykjavík 7. nóvember 2023.

Unnur B. Karlsdóttir, „Endar dýraverndin í fjöruborðinu? Um dýraverndarstefnu á Íslandi í tilvikum sjávarspendýra“. Fyrirlestur fluttur á Þjóðarspeglinum, ráðstefnu Félagsvísindadeildar HÍ, 3. nóv. 2023.

Unnur B. Karlsdóttir, „Women leading the Way ... Women and environmentalism in Iceland“. Fyrirlestur haldinn í Victoria University, Vancouver Island 22. október 2023. Fyrirlesturinn var haldinn sem hluti af fyrirlestraröð, nánar tiltekið hluti af dagskrá: The Richard and Margaret Beck Lectures on Icelandic Literature.

Unnur B. Karlsdóttir, „Rödd sem skipti máli. Rauðsokkahreyfingin og lagasetning um þungunarrof 1975“. Fyrirlestur haldinn á málþingi RÍKK í fundarsal Þjóðminjasafnsins 7. sept. 2023 undir yfirskriftinni: *Á rauðum sokkum í hálfu öld*.

Unnur B. Karlsdóttir, „Austurland – efniviður rannsókna. Um ýmis tækifæri til vísindarannsókna á Austurlandi“. Fyrirlestur haldinn á ársfundi Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands í Valaskjálfi á Egilsstöðum 17. mars 2023, sjá á vef: https://www.hi.is/frettir/arsfundur_stofnunar_rannsoknasetra_haskola_islands_2023

Unnur B. Karlsdóttir, „Glæpur og refsing í Múlasýslum á 18. öld. Rannsókn á afbrotasögu“. Fyrirlestur haldinn á Hugvísindabíngi Háskóla Íslands 10. mars 2023 í Odda á málstofunni Austurland – efniviður rannsókna, sjá á vef: <https://hugvis.hi.is/is/austurland-efnividur-rannsokna>

VÍSINDAMÍÐLUN – FJÖLMÍDLAR – SAMFÉLAGSVIRKNI

Unnur B. Karlsdóttir í viðtali, Rás 1 RÚV á Akureyri, viðtal, 19. apríl, sumardagurinn fyrsti: Efni, „Hreindýr“, umsjón Gígja Hólmgeirsdóttir, aðgengilegt á: https://www.ruv.is/utvarp/spila/hreindyr/34601/a9vcch?fbclid=IwAR3Oxh_YWwmh7XSyB78_0dQGQJ-hp_bKKAa-og4s1e01ALrjMbRClm-L_J

Unnur B. Karlsdóttir ritar, blaðgrein í tilefni 40 ára afmælis Kvennalistans. „Þær komu með nýja rödd í umhverfismálin“, *Fréttablaðið* 15. mars 2023, bls. 11, sjá slóð: <https://timarit.is/page/7796275#page/n9/mode/2up>

Unnur B. Karlsdóttir í viðtali, „Margt smátt gerir eitt stórt. Aragrúi merklegra rannsókna fer fram austanlands hjá rannsóknasetri HÍ“, *Austurglugginn* 30. mars 2023, bls. 8.

Unnur B. Karlsdóttir í viðtali 4. júní: Viðtal: Umsjón Sara Hurtes rannsóknablaðamaður hjá *New York Times*. Efni: Mannkynbótastefna og ófrjósemisaðgerðir í framkvæmd og löggjöf á Íslandi.

Unnur B. Karlsdóttir í viðtali: Rás 2, English Radio, 11. okt. 2023, umsjón Darren Adam: Viðtal um rannsóknir Rannsóknaseturs HÍ á Austurlandi.

UMRÆÐUEFNI


Hreindýr á Íslandi, rannsókn á hreindýrum, aðgengilegt á: https://www.ruv.is/english/2023-09-27-ruv-english-radio-the-reindeer-of-east-iceland-392624?fbclid=IwAR3TTBIMkjKTcmvV6qMAmX4yy3F-blEz1Q7SXIA6R_Q78Pe02NFHevmtsv2g

Rannsóknir: Glæpur og refsing á Austurlandi á 18. og 19. öld og: Þýðing hálandis Austurlands, aðgengilegt á: https://www.ruv.is/english/2023-10-11-ruv-english-radio-crime-punishment-and-the-importance-of-the-east-highlands-393766?fbclid=IwAR2Qo4uQgXlw1eCX-fWhnqN80WqMkz-Nw4jxC5yV68_CZoPSyK6zgzFn2Yw

Unnur B. Karlsdóttir í viðtali, Samstöðin, sjónvarp, 11. sept. 2023: „Lög um fóstureyðingar“ Viðtal um Rauðsokkahreyfinguna, löggjöf um fóstureyðingar o.fl., sbr. slóð: <https://samstodin.is/show/log-um-fostureydingar/>

Unnur B. Karlsdóttir í viðtali, „Baráttan skilaði sjálfsögðum mannréttindum“, *Austurglugginn* 14. sept. 2023, bls. 11.

Unnur B. Karlsdóttir, *Vísindavefurinn*, svör við spurningunum: „Geta dýr eins og hvalir haft einhver réttindi?“ „Hafa sjávarspendýr minni réttindi en spendýr sem lifa á landi?“







RANNSÓKNASETUR HÍ Á BREIÐDALSVÍK

Á rannsóknasetrinu eru einkum stundaðar rannsóknir á jarðfræði Íslands. Setrið starfar náið með Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) að uppbyggingu borkjarnasafns NÍ, sem er til húsa á Breiðdalsvík. Í húsnæði setursins eru einnig sýningar frá Breiðdalsetri um jarðfræðinginn George Walker og málvísindamanninn Stefán Einarsson, sem báðir höfðu sterk tengsl við Breiðdal. Einn fastur starfsmaður var við setrið árið 2023, María Helga Guðmundsdóttir verkefnisstjóri, sem einnig starfar á borkjarnasafni NÍ. Auk hennar starfaði Arna Silja Jóhannsdóttir sem verkefnisstjóri yfir sumar tímamann og fram á haust, eins og undanfarin ár, og sá m.a. um móttöku safngesta og uppsetningu viðburða.

Setrið leggur sérstaka áhersla á fræðslu í nærsamfélaginu og samstarf við borkjarnasafn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Nemendur í 1.-7. bekk Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla heimsóttu setrið í febrúar og mars, lærðu um eldfjöll og flekakeninguna og spreyttu sig á ýmsum tilraunum og verkefnum. Sýningin *Borkjarnar: Skyggst undir yfirborðið*, sem opnuð var árið 2022 í samstarfi við Náttúrufræðistofnun og Breiðdalsetur, var sótt af um 400 gestum yfir árið. Ýmsir hópar sóttu sýninguna heim, þar á meðal leikskólanemar úr Breiðdal, nemendur af starfsbraut Verkenntaskóla Austurlands, 60 ára stúdentar Menntaskólans á Laugum og starfsfólk Rannsóknasetra Háskóla Íslands, sem hélt starfsmannafund sinn í Breiðdal í





mars 2023. Setrið stóð fyrir Vísindakaffi í tengslum við Vísindavöku Rannís að hausti; þar fluttu Sigurður Max Jónsson búfræðingur og María Helga Guðmundsdóttir jarðfræðingur erindi og kynntu gestum rannsóknir sínar.

Reglubundin verkefni við borkjarnasafnið, svo sem móttaka og skráning nýrra borkjarna og aðstoð við rannsakendur sem vilja nálgast sýni úr safnkostinum, fóru fram með hefðbundnum hætti. Rannsakendur nýttu sér borkjarna úr 31 borholu á árinu, ýmist með sýnatöku eða heildstæðri greiningu. Á árinu var sett af stað samstarf við Jarðvísindadeild HÍ um nýtingu borkjarnasafnsins í kennslu. Kjarni úr fjórum borholum var lánaður til deildarinnar og nýttur við kennslu í námskeiðum um jarðskorpuhreyfingar. Einnig var kjarni úr tveimur borholum lánaður til sýningar, annars vegar kjarni úr Eldfellshrauni vegna sýningar í Sagnheimi í Vestmannaeyjum vegna gosafmælis Heimaeyjar og Surtseyjar, og hins vegar kjarni úr Surtsey sem var hluti af verki listakonunnar Önnu Líndal á alþjóðlegu listahátíðinni Sequences í Reykjavík.

Á árinu var byggt ofan á stefnumótunarvinnu ársins 2022 og gerð aðgerðaáætlun til tveggja, fimm og tíu ára fyrir safnið. Endurskoðun á



skipulagi borkjarnahluta safnsins var lokið og gert átak í skráningu og yfirferð gagna um svarfhluta safnsins. Skráningu þess var um 80% lokið í árslok 2023. Á árinu voru settar upp hillur undir svarfið og verður lokið við yfirferð og grisjun svarfs samhliða því sem því er komið fyrir í nýjum hirslum. Unnið var að tengingu gagna um safnkost borkjarnasafnsins við EPOS (European Plate Observing System), samevrópska gagnaþjónustu sem miðlar mikilvægum jarðvísindagögnum og þjónustu um álfuna. Þeirri vinnu var nær lokið í árslok.

María Helga tók þátt í venjubundinni jarðfræðikortlagningu NÍ ásamt Birgi V. Óskarssyni, Robert A. Askew og fleirum, sem fór fram á Norðausturlandi og Suðausturlandi að þessu sinni. Dregur nú að lokum kortlagningar á Norðausturlandi og útgáfu nýs kortablaðs í mælikvarðanum 1:100.000 sem nær m.a. yfir Borgarfjörð eystri og Vopnafjörð. Að því loknu verður ráðist í kortlagningu Suðausturlands af fullum þunga, frá Álfafirði vestur að Jökulsárlóni.

María Helga var meðal leiðangursmanna í árlegum vöktunarleiðangri NÍ og Surtseyjarfélagsins til Surtseyjar og tók þar þátt í mælingu jarðhita í sprungum á yfirborði móbergsbunkanna. Þá söfnuðu María Helga og Hrafnkell Hannesson, starfsmaður borkjarnasafnsins á Breiðdalsvík, sýnum af Búlandsnesi fyrir rannsókn Kristjáns Jónassonar á NÍ á áhrifum bergtegunda á myndun og dreifingu síðsteinda í náttúruvættinu á Teigarhorni.

Í desember 2023 sótti María Helga ráðstefnu amerísku jarðeðlisfræðisamtakanna American Geophysical Union og kynnti þar veggspjald um starfsemi borkjarnasafnsins.

ERINDI OG VEGGSPJÖLD

María Helga Guðmundsdóttir (2023). *Borkjarnasafn Náttúrufræðistofnunar Íslands: Uppbygging vísindasafns á Breiðdalsvík*. Erindi flutt á ársfundi Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands, 17. mars 2023, Egilsstöðum.

María Helga Guðmundsdóttir, Hrafnkell Hannesson, Kristján Jónasson og Birgir V. Óskarsson (2023). The Drill Core Library of the Icelandic Institute of Natural History: A Resource for Earth Scientists [ágríp]. *AGU Fall Meeting 2023*, San Francisco, Kaliforníu, 11.-15. desember 2023, V51C-0069.

SETA Í STJÓRNUM OG NEFNDUM

María Helga Guðmundsdóttir var varamaður í stjórn Kötlu jarðvangs og sat í fagráði atvinnu og nýsköpunar fyrir Uppbyggingarsjóð Austurlands.



**HÁSKÓLI
ÍSLANDS**